

SHALDOR  
skoðun 12



3 SÉRBLÖÐ  
í Fréttablaðinu  
Allt  
Fasteignir.is  
Híbyli og viðhald



Handverk í Ráðhúsinu  
Yfir 60 hönnuðir, handverks-  
og listafólk kynna vörur  
sínar á sýningunni.  
allt 2



# FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

25. október 2010  
250. tölublað 10. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

## Undrast ofsafengin viðbrögð biskups vegna trúboðsbanns

Tillaga mannréttindaráðs Reykjavíkurborgar um bann við trúboði í leik- og grunnskólum er aðför að Þjóðkirkjunni, að mati biskups Íslands. Formaður mannréttindaráðs segir biskup oftúlka tillögu ráðsins.

**TRÚMÁL** Karl Sigurbjörnsson, biskup Íslands, oftúlkar tillögu mannréttindaráðs Reykjavíkurborgar um takmarkanir við aðgangi trúfélaga að skólustarfi í borginni. Þetta segir Margrét Sverrisdóttir, formaður mannréttindaráðs Reykjavíkurborgar. Henni finnst viðbrögðin ofsafengin.

Biskup gagnrýndi tillögu mannréttindaráðsins í prédikun sinni í Hallgrímskirkju í gær, sagði hana skefjalausa fordóma og andúð á kristni og Þjóðkirkjunni. Gangi tillagan eftir muni hún stuðla að

fáfræði, fordómum og andlegri örbirgð. „Það má sannarlega sjá í drögum að samþykkt mannréttindaráðs Reykjavíkurborgar, sem krefst þess að lokað verði á aðkomu kirkjunnar að skólunum, kirkjuferðir verði bannaðar og sálmasöngur og listsköpun í trúarlegum tilgangi sömuleiðis,“ sagði biskup og bætti við að lítið sé gert úr menntun og reynslu kirkjunnar þjóna með því að leggja til að í stað þeirra verði kallaðir til fagaðilar þegar áföll dýnji yfir. „Þetta er illa dulbúin atлага að faglegum heiðri

presta og djákna,“ sagði hann í prédikun sinni.

Margrét segir meininguna ekki að ráðast á Þjóðkirkjuna. „Mér finnst málið í flestum tilvikum á misskilningi byggt og umræðan farin um víðan völl. Það er verið að setja hömlur á trúboð á skólatíma. Auðvitað bitnar það á Þjóðkirkjunni,“ segir Margrét og efast um að tillagan hamli starfi kristinfræðikennara í grunnskólum. „Ég sé ekki að kirkjan þurfi að óttast neitt enda engu verið að breyta. Það er ekki verið að banna sálma-

söng og leggja jólasemmtanir af,“ segir hún.

Margrét bendir á að lengi hafi legið fyrir að setja þyrfti skýrar reglur um trúboð í skólum á skólatíma, eða allt frá því starfshópur um samstarf skóla við trúar- og lífs- skoðunarhópa skilaði af sér skýrslu um málið fyrir þremur árum. Hins vegar hafi ekkert verið gert.

Margrét bendir á að málið sé skammt á veg komið, enn sé beðið umsnagnar fagraða og skólasamfélaga um tillögu mannréttindaráðsins. „Það mun vega þungt.“ -jab



Umhyggja 30 ára

Myndband um þróun í aðbúnaði langveikra barna á Íslandi sýnt á ráðstefnu á Grand Hótelu.

tímamót 14

Kílóin hrynja af Frikka

Söngvarinn Friðrik Dór æfir nú stíft fyrir útgáfu fyrstu plötu sinnar.

fólk 26




Arsenal lagði Man. City

Arsenal hleypti lífi í toppbaráttu enska boltans með sigri á Man. City.

sport 22

veðrið í dag



**STORMUR** Í dag verða austan 15-23 m/s og slydda eða rigning S- og V-lands. Hægari vindur og úrkomulítið fram á kvöld norðan og austan til. Hlýnar í veðri. **VEÐUR 4**



**GULLSTÚLKURNAR ÚR GERPLU** Kvinnalið Gerplu fagnaði sigri á Evrópumótinu í hópímleikum. Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra sendi þeim hamingjuóskir í gær. Hún segir stúlkurnar hafa skipað sér í hóp bestu íþróttamanna Íslandssögunnar.

### Evrópumeistarar í fimleikum: Frábær árangur Gerplu í Svíþjóð

**ÍÞRÓTTIR** Kvinnalið Gerplu og stúlknalandslið Íslands í hópímleikum brutu blað í fimleikasögu landsins þegar Gerplustúlkur fögnuðu sigri á Evrópumótinu í hópímleikum sem fram fór í Malmö í Svíþjóð um helgina. Áður á sama móti hafði unglíngalandslið kvenna hafnað í þriðja sæti í keppni landsliða.

Þorgerður Diðriksdóttir, formaður Fimleikasambands Íslands, sagði í samtali við Fréttablaðið að þetta væri stórkostlegur árangur. „Þetta er einstakt því að við fórum með stóran hóp út og allir náðu sínum markmiðum og vel það.“

Hún bætir því við að hamingjuóskum hafi rignt yfir hópinn.

„Það er mjög gott að finna fyrir því að eftir þessu er tekið, en þetta var löng og ströng leið og miklar æfingar sem liggja þarna að baki og það næst ekki á einum degi. Það er verulega erfitt að ná árangri í fimleikum þannig að það er gleðilegt að við séum komin svona hátt á blað.“ -þj

**Hvert þó í strumpandi!**

FORLAGIÐ  
www.fortagid.is

© 2010 - Licensed through I.M.P.S. (Brussels) - www.strumpar.com

Starfsmaður á Subway skyndibitastaðnum var rekinn vegna fordóma:

## Neitaði að afgreiða homma

**MANNRÉTTINDI** Starfsmaður á skyndibitastaðnum Subway við Hringbraut neitaði að afgreiða viðskiptavin um helgina með þeim orðum að hann „afgreiddi ekki samkynhneigða“.

„Við komum þarna nokkur eftir starfsmannapartý, þar sem hafði verið bleikt þema. Afgreiðslumaðurinn horfir á mig meðan hann er að búa til samlokuna en síðan biður hann allt í einu samstarfskonu sína um að afgreiða mig og segir á ensku I dont serve gay people,“ segir Hallgrímur Hjálmarsson, sem lenti í þessu atviki á Subway.

„Ég spurði hann nú bara hvort honum þætti í lagi ef einhver kæmi svona fram við hann, en hann var greinilega af erlendu bergi brotinn,“ segir Hallgrímur.

Eftir að afgreiðslumaðurinn lét sig hverfa á bak við það samstarfskona hans Hallgrímur afsökunar og bauðst til að afgreiða hann. „Hún var mjög kurteis. Ég tók þessu svo sem með meiri ró en vinnufélagar mínir en við ákváðum samt að fara annað. Mér finnst í raun hneyksli að lenda í svona á Íslandi árið 2010.“

„Þetta er rétt,“ segir Gunnar Skúli Guðjónsson, framkvæmdastjóri Subway, þegar Fréttablaðið hafði samband við hann vegna málsins. Hann harmar atvikið og segir fyrirtækið hafa tekið á málinu. „Við höfum þegar sagt þessum starfsmanni upp störfum. Hann fær ekki að koma hingað inn á Subway aftur.“ -rat



**HALLGRÍMUR HJÁLMARSSON** Var neitað um afgreiðslu á Subway, klæddur í þessa bleiku skyrtu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Egill Arnason™**

Í takt við breytta tíma...

**VIÐ ERUM FLUTT!**

Við tökum vel á móti þér í nýju versluninni okkar að Suðurlandsbraut 20.

Frábær opnunartilboð!

Suðurlandsbraut 20 | Sími: 595 0500





Hilmir, ætlaðu að gefa Stefáni einn á snúðinn?

Ég ætla að minnsta kosti ekki að hengja hann, en hann verður tekinn í bakaríðið.

Hilmir Hjálmarsson bakari og Stefán Gaukur Rafnsson, starfsbróðir hans, munu eiga við í hnefaleikabardaga um næstu helgi. Bardaginn er til styrktar einhverfum og hjartveikum börnum.



ÚTVARPSHÚSIÐ Í EFSTALEITI Lögreglan sektaði tugi manna fyrir að leggja ólöglega þegar Ríkisútvarpið var með opið hús.

Opið hús hjá Ríkisútvarpinu: Gestir sektaðir í afmælisfagnaði

**LÖGREGLA** Milli sextíu og sjöfju manns sem heimsóttu Útvarps-húsið í tilefni af 80 ára afmæli Ríkisútvarpsins á laugardaginn fengu sekt upp á fimm þúsund krónur fyrir að leggja bíl sínum ólöglega á meðan á heimsókninni stóð.

Á vef Ríkisútvarpsins segir varðstjóri umferðardeildar lögreglunnar að um hefðbundið eftirlit hafi verið að ræða. Þegar fólk leggi bíl sínum ólöglega fái það sekt.

Alls heimsóttu tæplega sex þúsund gestir Útvarps-húsið en þar voru meðal annars til sýnis gamlir munir og fengu gestir leiðsögn um húsið. - rat

Tveir menn sluppu óslasaðir: Fispyrlla brotlenti á Esjunni

**SLYS** Lítil fispyrlla brotlenti á Esjunni um kvöldmatarleytið í gær. Tveir menn voru um borð í þyrlunni og slösuðust þeir ekki samkvæmt upplýsingum frá Landhelgisgæslunni.

Mennirnir gengu sjálfir niður af fjallinu. Tíldrög þess að þyrlan brotlenti eru ekki kunn. Í gærkvöldi hugðist Landhelgisgæslan fljúga yfir Esjuna til að mynda vettvang óhappsins en aðstæður voru erfiðar vegna myrkurs. - jth

Fundað í menntamálanefnd Alþingis vegna innheimtuaðgerða opinberra aðila:

## Fundað vegna meintrar hörku LÍN

**STJÓRNMÁL** Aðgangsharka við innheimtu opinberra aðila verður tekið til umfjöllunar á næsta fundi menntamálanefndar Alþingis eftir ákall einstæðrar móður.

Ónafngreind einstæð móðir sendi þingmönnum bréf þar sem hún fór yfir samskipti sín við Ríkisskattstjóra og Lánasjóð íslenskra námsmanna (LÍN) og sagði hún farir sínar ekki sléttar. Hún hafi verið í námi en um leið þurft að greiða af námslánum, en greiðslubyrðin reyndist henni



SKÚLI HELGASON

byrja á að líta til eigin krafna ríkisstofnana sem eru að nauðbeygja fólk.

ofviða. Segir hún meðal annars að „ef alþingismönnum er í raun alvara með því að koma til móts við skuldsettar fjölskyldur í stórum vanda þá má kannski

Skúli Helgason, þingmaður Samfylkingar og formaður menntamálanefndar, segir að á fundinum verði farið yfir vinnu-aðferðir og verklagsreglur LÍN.

„Það sem skiptir mestu máli er að reyna að tryggja það að nú, þegar stjórnvöld eru að reyna að finna bestu lausnirnar á skuldavanda heimilanna, gangi opinberir aðilar fram fyrir skjöldu og sýni þann sveigjanleika sem nauðsynlegur er gagnvart þeim sem eiga í skuldavanda.“

-þj

Unglingadrykkja og slagsmál:

## Þrír grunaðir um líkamsárás

**LÖGREGLUMÁL** Talsverð ölvun var á Suðurnesjum um helgina. Þrír voru handteknir, grunaðir um líkamsárás eftir að slagsmál brutust út í Hafnargötu í Reykjanesbæ og gistu þeir fangageymslur.

Einnig leysti lögreglan á Suðurnesjum upp gleðskap þar sem unglingar höfðu áfengi um hönd og þurft að hafa afskipti af tveimur 15 ára stúlkum vegna ölvunar. Foreldrar stúlkanna voru látnir vita og sóttu þeir stúlkurnar á lögreglustöðina. - rat

## Fagfólk skóla virðist vanmeta eineltið

Börn erlendra foreldra eru helmingi líklegri til að upplifa einelti heldur en þau sem eiga íslenska foreldra. Fagfólk í skólum telur báða hópa verða jafnmikið fyrir einelti. Einelti er fátítt á Íslandi miðað við samanburðarlönd.

**MENNTAMÁL** Börn sem eiga erlenda foreldra eru helmingi líklegri til að upplifa einelti en þau sem eiga íslenska foreldra. Þetta kemur fram í rannsókn Þórodds Bjarnasonar, prófessors í félagsfræði við Háskólann á Akureyri.

Hins vegar telja rúm 75 prósent fagfólks í grunnskólum að börn sem eru með íslensku sem annað tungumál verði annaðhvort jafnmikið eða minna fyrir einelti en börn sem eiga íslenska foreldra. Einungis 7,5 prósent telja að börn með íslensku sem annað tungumál verði meira fyrir einelti. Fimmtungur vissi ekki hvort mismunur væri þar á milli. Þetta eru niðurstöður nýrrar rannsóknar sem gerð var í 122 grunnskólum og ber heitið „Nemendur með íslensku sem annað tungumál í grunnskólum – upplifun fagfólks skólanna“, og var gerð af Huldu Karen Daníelsdóttur, Ara Klængi Jónssyni og Hilmu Hólmfríði Sigurðardóttur fyrir hönd Þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða í Reykjavík.

Helstu niðurstöður könnunarinnar eru þær að almenn ánægja virðist ríkja meðal stjórnenda skóla um aðstæður barna af erlendum uppruna, þó að skýr þörf fyrir fræðslu og hjálfun komi fram.

Í rannsókn Þórodds kemur fram að 16 prósent þeirra nemenda í 10. bekk sem eiga báða foreldra af erlendum uppruna telji sig hafa orðið fyrir einelti, 12 prósent þar sem annað foreldrið er íslenskt og um átta prósent þeirra þar sem báðir foreldrar eru íslenskir.

Þóroddur segir að þótt börn sem eiga erlenda foreldra séu helmingi líklegri til að upplifa einelti en þau íslensku, sé einelti tiltölulega fátítt



Á SKÓLALÓÐINI í rannsókn Þórodds Bjarnasonar kemur fram að 16 prósent nemenda í 10. bekk, sem eiga báða foreldra af erlendum uppruna, telja sig hafa orðið fyrir einelti. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### Einelti ekki staðbundið við skólann

Rannsókn Þórodds Bjarnasonar var gerð meðal allra nemenda í 6., 8. og 10. bekk á landinu. Þóroddur segir að ein möguleg ástæða fyrir skekkjunni í könnunum tveimur sé sú að hluti af því einelti sem börnin verði fyrir eigi sér stað utan skóla og því verði starfsfólk skólanna ekki eins vart við það. Hann segir þó að mikill kynjamunur sé í niðurstöðunum og að auðveldara virðist fyrir stráka en stelpur að falla inn í hópa. Einnig kemur fram í rannsókninni að mikill munur sé á milli skóla og mikilvægt sé að átta sig á því að langflestir nemendur upplifa ekki einelti, hvort sem þeir eru af innlendum eða erlendum uppruna.

á Íslandi miðað við það sem þekkt er í öðrum löndum.

„Það þýðir þó ekki að það sé minna alvarlegt“, segir Þóroddur. „En langflestir krakkar, hvort sem

þeir eru íslenskir eða af erlendum uppruna, segjast ekki verða fyrir einelti, þó svo að þeir síðarnefndu séu helmingi líklegri til þess.“

sunna@frettabladid.is



VEIKT BARN Óttast er að kólera muni breiðast hratt út á Haítí á næstunni. MYND/AP

Kólerufaraldur á Haítí:

## 208 hafa látist og 2.700 sýkst

**HAÍTÍ, AP** Heilbrigðisyfirvöld á Haítí telja að að minnsta kosti 208 manns hafi látist úr kóleru og um 2.700 til viðbótar hafi sýkst í Artibonite-héraðinu, norður af höfuðborginni Port-Au-Prince.

Tala sýktra hefur hækkað jafnt og þétt og óttast yfirvöld að næstu fórnarlömb veirunnar verði þau hundruð þúsunda sem misstu heimili sín í jarðskjálftanum á Haítí í janúar. „Ef faraldurinn nær til Port-au-Prince, þar sem börn og fjölskyldur lifa við slæma hreinlætisaðstöðu og í allt of þröngu rými, gæti útkoman orðið hræðileg“, sagði Dr. Estrella Serrano hjá hjálpar samtökunum World Vision. - fb

### LÖGRELGUFRETTIR

#### Nokkrir gistu fangageymslur

Alls gistu átta fangageymslur lögreglunnar í Reykjavík aðfaranótt sunnudags. Eitthvað var um þústra milli manna að sögn lögreglunnar en ekki kom til alvarlega átaka.

### Lést í Riga

Íslendingurinn sem lést af slysförum í Riga, höfuðborg Lettlands, á föstudag, hét Árni Freyr Guðmundsson.

Hann var á ferð í Lettlandi með vinnufélögum sínum þegar slysið átti sér stað.

Formaður samtaka kvenna af erlendum uppruna óttast forföll á Kvænnafrídaginn:

## Konur styðji útlendar starfssystur

**FÓLK** „Ég bið íslenskar konur um að styðja erlendar samstarfskonur sínar og hvetja þær á Kvænnafrídaginn“, segir Sabine Leskopf, formaður Samtaka kvenna af erlendum uppruna.

Kvænnafrídagurinn er í dag. Þá hyggjast konur ganga út af vinnustöðum sínum klukkan 14.25 til að minna á sameiginleg baráttumál sín. Sabine Leskopf óttast að konur af erlendum uppruna taki ekki virkan þátt í viðburðinum. Á kvænnafrídegnum 2005 hafi þátttaka erlendra kvenna verið mjög lítil.

„Ástæðan var örugglega að hluta til sú að konurnar vissu ekki af deginum. Tengsl þeirra við kvænna-hreyfinguna voru lítil og upplýsingar voru ekki þýddar. Síðan held ég að þessar konur hafi einfaldlega verið hræddar um að missa vinnunna á meðan íslenskar konur hins vegar bara gengu út; það kom ekkert annað til greina“, segir Sabine.

Þá kveður Sabine jafnvel hafa verið dæmi um það árið 2005 að atvinnurekendur hafi boðið erlendum konum aukagreiðslur fyrir að vinna á meðan íslenskar starfssystur þeirra gengu út. Hún hafi þó ekki heyrð af slíku nú.

Sabine ráðleggur erlendum konum að leita ráða hjá



SABINE LESKOPF Formaður Samtaka kvenna af erlendum uppruna óttast að konur af erlendum uppruna taki ekki virkan þátt í Kvænnafrídegnum.

íslenskum konum á vinnustöðunum. „Íslenskar konur með sína sögu og reynslu geta verið mikill styrkur fyrir erlendar samstarfskonur sínar. Þetta er mál sem snertir okkur allar og erlendar konur verða fyrir tvöföldu misrétti, ekki sist hvað varðar launamun.“ - gar

Kostur

Spörum og njótum lífsins

Já takk

Hakk á tilboði í dag

Kostur Nautahakk

697 kr/kg

Verð áður: 995 kr/kg

Mikið úrval af frábærum tilboðum - líttu við

Dalvegur 10-14 | 201 Kópavogur | Sími 560 2500 | www.kostur.is

Opið alla daga frá 10.00 til 20.00 | Sjáðu Kost á Facebook



Kvennafrídagurinn

# Lokum öllum útibúum kl. 14 í dag

Í tilefni hátíðahalda á 35 ára afmæli Kvennafrídagsins **lokum við öllum útibúum okkar í dag kl. 14, nema við Austurstræti** þar sem hefðbundin þjónusta verður í boði. Þjónustuver bankans verður einnig lokað frá kl. 14.

Við bendum viðskiptavinum okkar á þjónustu Einkabanka Landsbankans.



Kristín Pétur  
Gunnarsdóttir  
Grafarholti

Bára Valdis  
Ármannsdóttir  
Ráðgjafastofa  
einstaklinga

Ragnheiður  
Björnsdóttir  
Lánaumsjón



## GENGIÐ 22.10.2010

GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	112,04	112,58
Sterlingspund	175,78	176,64
Evra	155,84	156,72
Dönsk króna	20,896	21,018
Norsk króna	19,142	19,254
Sænsk króna	16,800	16,898
Japanskt jen	1,3802	1,3882

SDR 175,92 176,96

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

207,3695

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



**BJÖRNINN VÍGÐUR** Björninn var vígður fyrir utan Grand Hótel þar sem ráðstefnan Björgun fór fram um helgina.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Björninn tekinn í notkun:

## Einn flottasti bíllinn í Evrópu

**SAMFÉLAGSMÁL** Björgunarsveitirnar á höfuðborgarsvæðinu hafa tekið í notkun nýjan stjórnstöðvarbíll sem ber heitið Björninn.

Smíði bílsins tók tuttugu mánuði og var hún að mestu unnin í sjálfboðavinnu. Þetta er einn fullkomnasti stjórnstöðvarbíll Evrópu. Í honum er nýjasta fjar-skriptatækni sem völ er á, þar á meðal þrettán tölvuskjái, rafstöð, símsstöð og tveir kílómetrar af rafmagnsköflum. Áður en bíllinn var breytt var hann í notkun hjá Mjólkursamsölunni í Búðardal.

- fb

## Enn ein skotarásin í Malmö: Skaut úr byssu á svalahurð

**SVÍÞJÓÐ** Íbúi í Malmö í Svíþjóð kom auga á holu eftir byssuskot í svalahurð sinni er hann vaknaði í gærmorgun. Grunur leikur á um að byssumaðurinn, sem hefur skotið ítrekað á innflytjendur í borginni, hafi verið þar að verki.

Íbúinn vaknaði við hávaða um nóttina en hélt að verið væri að sprengja flugelda. Hann hélt áfram að sofa en kom síðan auga á holuna um morguninn og hringdi þá í lögregluna. Þetta var átjándi skotarásin af þessu tagi í Malmö undanfarið ár.

- fb

Enn ríkir óvissa um það hvenær Landeyjahöfn verður opnuð:

## Bæði dæluskipin að störfum í höfninni

**LANDEYJAHÖFN** Dýpkun Landeyjahafnar gengur vel og samkvæmt áætlun en ófært hefur verið um höfnina vegna ösku og sands.

Bæði dæluskipin, Sóley og Perlan, hafa verið að störfum í höfninni undanfarna daga en sigrör frá dæluskipinu Perlunni hefur í tvígang brotnað við dýpkun hafnarinnar. Síðan á föstudag hafði hluti rörsins setið fastur í höfninni en dæluskipið Sóley kom til aðstoðar á fimmtudag. Í gær var búið að dýpka í kringum rörið og fór kafari niður til að kanna aðstæður. „Ég reikna fastlega með því að rörið hafi náðst upp,“ sagði Þórhildur Elín Elnardóttir, upplýsingafultrúi Siglingastofnunar í gær.

Ekki er ljóst hvenær Herjólfur getur aftur hafið siglingar um Landeyjahöfn en samkvæmt upplýsingum Siglingastofnunar er ölduspá fyrir næstu daga



**SÓLEY Í LANDEYJAHÖFN** Dæluskipið Sóley kom til Landeyjahafnar á fimmtudaginn.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

ekki góð. Þegar líður á vikuna mun því verða farið yfir verkáætlun miðað við ölduspá og þá kemur í ljós hvernig framhaldið verður. Herjólfur siglir nú milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar.

- rat

# Ekki gjá milli forystu og grasrótar innan VG

Formaður Vinstri grænna segist líta á áskorun frá hópi flokksmanna sem hvatningu til forystunnar. Formaður ASÍ furðar sig á andstöðu VG við ESB-aðild. Utanríkisráðherra hefur ekki áhyggjur af efasemdarröddum innan VG.

**EVROPUMÁL** Steingímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna (VG), segir ekkert athugasemjastærkt við áskorun sem lögd var fram á nýliðnu málefnaþingi. Þar var flokksforystan hvött til þess að draga til baka aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu (ESB).

Í samtali við Fréttablaðið hafnar Steingrímur því að þetta sé til marks um viðskilnað flokksforystunnar frá grasrót flokksins. „Þetta eru nú allt meira og minna traustir og góðir félagar. Ég tek þessu þannig að þau séu að halda okkur við efnid og skora á okkur að halda fastar á okkar stefnu og áherslum í þessu ferli.“

Hann bætir því við að á málþinginu hafi verið hreinskiptnar umræður um utanríkisráðgjafi og mál manna að hreyfingin þyrfti að koma sínum málstað betur á framfæri.

VG heldur flokksráðsfund í næsta mánuði þar sem málefni ESB verða væntanlega tekin upp á ný. Steingrímur kvíðir því ekki.

„Við erum ekkert feimin við hreinskiptin skoðanaskipti. Það er okkar stíll og okkur hefur gengið vel að finna sameiginlegan farveg fyrir okkar áherslur.“

Í kjölfar málþingsins og áskorunarinnar lýsti Gylfi Arnbjörnsson, formaður ASÍ, yfir undrun sinni á andstöðu VG við ESB-aðild, enda sé

Við erum ekkert feimin við hreinskiptin skoðanaskipti. Það er okkar stíll og okkur hefur gengið vel að finna sameiginlegan farveg fyrir okkar áherslur.

**SETINGRÍMUR J. SIGFÚSSON,**  
FORMAÐUR VINSTRI GRÆNNA.

mikill samhljómur milli grundvallarstefnu VG og stefnu ESB, meðal annars í umhverfismálum. „Evrópusambandið hefur á alþjóðavettvangi sennilega verið með framsæknustu tillögurnar varðandi loftslagsmál og að móta atvinnustefnu sem byggir á grænum gildum og hafa einnig sett umhverfismál að kjarna í sinni stefnumótun,“ sagði Gylfi í

samtali við Fréttablaðið. „Þessi umræða hefur mótast af einhverri heift í garð aðila sem ég myndi halda að væru að mestu leyti sammála þeim.“

Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra segir að andstaða innan VG hafi ekki valdið vandræðum í aðildarviðræðunum við ESB.

„Þetta hefur vakið undrun sums staðar, en að engu leyti truflað viðræðurnar til þessa.“

Össur bætti því við að Steingrímur hafi tekið skýrt fram að forysta flokksins hefði fullt umboð til að halda málinu áfram og það verður svo að koma í ljós hvort einhver sérstök vandræði verði tengd því að VG eða hluti flokksins séu andsnúin ESB. Ég á ekki von á því. Menn eru lýðræðissinnar.“

thorgils@frettabladid.is



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON**

**GYLFI ARNBJÖRNSSON**

**ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON**

Bílveltur á Ólafsfjarðarvegi:

## Fólkið slapp lítið slasað

**UMFERÐIN** Tvær bílveltur urðu á Ólafsfjarðarvegi á laugardaginn. Ekki urðu slys á fólki. Jeppi valt við bæinn Krossa um klukkun fimmm og var ökumaður bílsins fluttur á slysideild til skoðunar. Meiðsl hans reyndust ekki alvarleg. Þá valt annar bíll rétt fyrir miðnættið. Fimm voru í bílnum og sluppu með minniháttar meiðsl.

Þriðja bílveltan varð í Óxnadal á föstudag, en ekki urðu slys á fólki. Slysni má öll rekja til hálfu á vegum að sögn lögreglunnar á Akureyri.

- rat



**ENDURSKINSMERKI Á BÖRNIN** Átakið undirstrikar mikilvægi þess að vegfar- endur séu vel sýnilegir í umferðinni til að forðast slysin.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Endurskinsmerkjaherferð:

## Öll sex ára börn fá frí merki

**ÖRYGGISMÁL** Skátahreyfingin dreifir endurskinsmerkjum á næstu dögum til allra 6 ára barna á höfuðborgarsvæðinu og í pósti til allra barna á landinu. Tilefnið er endurskinsmerkjaherferð Arion banka, Skátahreyfing- innar, Umferðarstofu og ríkislög- reglustjóra, Láttu ljós þitt skína.

Einnig verður hægt að nálgast merkin í útibúum Arion banka og fengið þau send heim ef sendur er póstur á Umferðarstofu á netfangið fraedsla@us.is.

- sv

### SVETARSTJÓRNARMÁL

#### Pingmenn styðji Helguvík

Bæjarráð Garðs segir að hver og einn eigi að líta til ábyrgðar sinnar um framgang álvers í Garði og skorar á Oddnýju G. Harðardóttur, Atla Gíslason og Margrét Tryggvadóttir, pingmenn Suðurkjördæmis, að styðja frumvarp Árna Johnsen um að ríkið komi að kostnaði við uppbyggingu hafnar í Helguvík á sambærilegan hátt og gert hafi verið við aðrar stórskiphafnir á liðnum árum.

# ÞURRKUBLÖÐ

FYRIR ALLAR GERÐIR BIFREIÐA

WWW.N1.IS / SÍMI 440 1000

Meira í leiðinni

### VEÐURSPÁ




**Elísabet Margeirsdóttir**  
veður-  
fréttamaður

#### VONSKUVEÐUR

um sunnan og vestanvert landið í dag en búist er við stormi og mikilli úrkomu um tíma. Norðan og austan til verður heldur hægari vindur og úrkomulítið fram á kvöld. Það hlýnar í veðri og má búast við slyddu norðan til á morgun.

Á MORGUN  
5-10 m/s.

MÍÐVIKUDAGUR  
8-13 m/s.



#### HEIMURINN

Alicante	22°
Basel	9°
Berlín	9°
Billund	9°
Frankfurt	9°
Friedrichshafen	3°
Gautaborg	9°
Kaupmannahöfn	9°
Las Palmas	23°
London	10°
Mallorca	25°
New York	21°
Orlando	32°
Ósló	4°
París	11°
San Francisco	15°
Stokkhólmur	5°

Vindhraði er í m/s.  
Hitastig eru í °C.  
Gildistími korta er um hádegi.



# TILBOÐ!

» Evrópa frá:

**9.900 kr.\***

AÐEINS  
Í DAG!

» Ameríka frá:

**19.900 kr.\***

Í dag býður Iceland Express fjölda flugsæta á frábæru tilboðsverði, Evrópa frá 9.900 kr. og New York frá 19.900 kr., aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.

\*Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum. Takmarkað sætaframboð og valdar dagsetningar. Athugið að flugvallarskattar geta verið mismunandi eftir áfangastöðum.

Bókunartímabil: Í dag frá kl. 12.00–23.59

Ferðatímabil: 1. nóvember–15. desember 2010

Áfangastaðir: New York, London Gatwick, Kaupmannahöfn, Berlín og Varsjá

Pú bókar á [www.icelandexpress.is](http://www.icelandexpress.is)

**Iceland Express**   
með ánægju







Viltu að tekin verði upp kennsla í heimspeki í grunnskólum?

JÁ 55,6%  
NEI 44,4%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Finnst þér mikið um fordóma í garð feitra?

Segðu skoðun þína á visiris



Ekki minnsta hættu á að veirusýkingin berist með kjöti, segir dýralæknir:

# Sláturbólan landlæg í kindum

**HEILBRIGÐISMÁL** „Þessi veirusýking sem kölluð er sláturbóla, smitast af lifandi sauðfé og af sláturdýrum,“ segir Katrín Andrésdóttir, héraðs-dýralæknir Suðurlandsumdæmis, sem kveðst hafa fengið staðfestingu á því að óvanalega mikið sé um þessa veirusýkingu í fólki þessa dagana.

Fréttablaðið greindi frá því fyrir helgi að óvenjumargir hefðu leitað á heilsugæsluna á Selfossi vegna sýkingarinnar. Er um að ræða starfsfólk í sláturhúsum sem hefur þá smitast við störf sín.

Katrín undirstrikar að þótt



**SLÁTURBÓLA** Veirusýkingin getur valdið talsverðum óþægindum meðan hún er að ganga yfir.

veirusýkingin leggist á fé og geitur þá sé ekki minnsta hættu á að hún smitist eða berist með kjöti.

„Sláturbólan sést oft á fólki í sauðburði á vorin,“ segir Katrín. „Þá er algengt að rúningsmenn fái hana svo og starfsfólk í sláturhúsum. Veiran lýsir sér sem frunsur á lömbum og getur einnig farið í klaufharfið á fé og þá valdið tjóni ef sýkingar myndast.“

Þessi sjúkdómur hefur verið landlægur í kindum og geitum, en við höfum enga skýringu á þessu að því er virðist aukna smiti í fólki. Sá sem hefur þó einu sinni fengið sláturbólu fær hana ekki aftur, því fólk myndar mótefni gegn veirunni.“

- jss

Afrískir stjórnmálamenn:

## Kaupa albínóa í von um gæfu

**KENÍA, AP** Alþjóðlegu samtök-in Salif Keita, sem berjast fyrir mannréttindum albínóa, segja að afrískir stjórnmálamenn taki þátt í viðskiptum með albínóa í Afríku og noti þá einnig sjálfir í von um að þeir færi þeim gæfu.

Líkamshlutar albínóa eru seldir fyrir hundruð þúsunda á ákveðnum svæðum í Afríku. Að minnsta kosti 57 albínóar hafa verið drepnir í Tansaníu og fjórtán í Búrúndí frá árinu 2007. Þúsundir albínóa eru taldir fara huldu höfði af ótta við að vera handsamaðir.

- fb

**Lífrænt skiptir máli fyrir barnið þitt**

Engin erfðabreytt innihaldsefni  
Ræktað án notkunar meindýraeiturs

**HiPP LÍFRÆNT**

Kitlar bragðlaukana  
Kiktu í heimsókn á [www.hipp.is](http://www.hipp.is)

# Vill rannsókn á Wikileaks-skjölum

Nick Clegg vill láta rannsaka þær alvarlegu ásakanir sem koma fram í leyningum skjölum Bandaríkjahers sem síðan Wikileaks hefur birt. Rúmlega 122 þúsund almennir borgarar hafa fallið í Íraksstríðinu frá byrjun ársins 2004.

**BAGDAD, AP** Nick Clegg, aðstoðarforsetisráðherra Bretlands, segir að rannsaka þurfi ásakanir um pyntingar hermanna á fongum og dráp þeirra á almennum borgunum sem eru bornar fram í leyniskjölum Bandaríkjahers sem Wikileaks-síðan hefur birt. Í viðtali við breska ríkissjónvarpið, BBC, sagði Clegg að sorglegt væri að lesa upplýsingarnar um fall almennra borgara í Írak og að málið væri grafalvarlegt.

Wikileaks hefur birt tæplega 400 þúsund skjöl um stríðið í Írak þrátt fyrir mótbárur bandaríska- og breska varnarmálaráðuneytisins. Þar kemur fram að mun fleiri almennir borgarar hafi verið drepnir en Bandaríkjaher hefur hingað til látið í ljós.

Í skjölunum eru nákvæmar skýrslur frá hermönnum um ofbeldið í landinu, þar á meðal skotárásir, bílsprengingar, pyntingar hermanna á skæruliðum, dráp í aftökustíl og önnur morð. Í skýrslunum er einnig að finna nöfn fórnarlamba, hvenær árásir áttu sér stað og í hvaða hverfum.

Þessar upplýsingar eru á skjön við yfirlýsingar bandarískra ráðamanna sem hafa alltaf verið reglir til að veita upplýsingar um þá almennu borgara sem hafa farið í Íraksstríðinu. Hafa þeir borið fyrir sig að lítið væri um gögn þess efnis.

Starfshópurinn Iraq Body Count hefur sérhæft sig í að telja þá almennu borgara í Írak sem hafa farið í stríðinu síðan það hófst. Hópurinn hefur rannsakað upplýsingarnar frá Wikileaks og segir fimmtán þúsund fleiri hafa látist í landinu en upphaflega var áætlað. Það þýðir að rúmlega 122 þúsund



**SORG** Abu Abdullah, verslunareigandi sem missti tvo syni sína í bílsprengingu, grætur við hlið vinar síns í rústum verslunarinnar. Atvikkið átti sér stað fyrir þremur árum.

MYND/AP

almennir borgarar hafi fallið frá því að mælingar hófust í byrjun árs 2004. „Bandarískur almenningur hefur rétt á að vita hversu margir hafa látið lífið í stríðunum í Afganistan og Írak,“ sagði Jameel Jaffer hjá bandarísku mannréttindasamtökunum American Civil Liberties. „Það hefði átt að láta fólk fá þessar upplýsingar fyrir löngu.“

Bandaríski herinn hefur einnig fylgst náið með þeim fjölda bandarískra hermanna sem hefur fallið í Írak og voru þeir 4.425 talsins síðasta laugardag.

Musaab Adnan, sem missti 27 ára bróður sinn í bardaga á milli bandarískra og íraskra hermanna í bænum Haditha, segir að upplýsingarnar frá Wikileaks séu áminning um þá miklu grimmd sem ríkir í stríðinu. „Það er erfitt að gleyma því sem gerðist. Þeir sem voru

drepnir fá aldrei neinar bætur. En með því að birta þessi skjöl sér heimurinn þessi voðaverk sem hafa verið framin gegn Írökum,“ sagði hann.

Upplýsingafulltrúi bandaríska varnarmálaráðuneytisins segir að bandaríski herinn hafi gert sitt besta til að koma í veg fyrir fall almennra borgara í Írak. „Undanfarin sjö ár höfum við reynt allt sem í okkar valdi hefur staðið, og stundum reynt meira en nokkur annar her í sögunni, til að halda falli almennra borgara í lágmarki,“ sagði hann.

Skýrslur Wikileaks virðast einnig stýlja skoðun margra sérfræðinga um að bandaríski herinn eigi að halda mannskap sínum lengur í Írak en til ársins 2011 því ástandið sé ekki næstum því orðið nógu stöðugt.

freyr@frettabladid.is

**Útbúnaðinn í Rjúpnaveiðina færðu í Eversest**

**20%**  
20% afsláttur af Vango hitabrusum, 4 stærðir

**20-40%**  
20%-40% afsláttur af öllum gönguskóm og göngusokkar fylgja með í kaupbæti

**20%**  
20% afsláttur af öllum bakpokum

**20%**  
20% afsláttur af öllum útivistarfatnaði

**20%**  
20% afsláttur af snjóbrúgum

**EVEREST**

**FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN**  
Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · [www.everest.is](http://www.everest.is)  
**PERSONULEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF**

Höfuðstólslækkun bílalána gekk til baka í nokkrum tilvikum hjá Íslandsbanka:

## Ekki átti að rýra réttindin

**VIÐSKIPTI** Höfuðstólslækkun bílalána sem boðið var upp á hjá Íslandsbanka í byrjun árs gekk til baka í nokkrum tilvikum við endurútreikning lána eftir dóm Hæstaréttar í sumar. Búið er að birta endurútreikning í heima-banka fimm til sex þúsund viðskiptavina Íslandsbanka. Nokkrir viðskiptavina bankans hafa kvartað vegna málsins.

Fréttablaðið hefur undir höndum afrit af bílalánasamningi viðskiptavina bankans. Hann tók lán til fjögurra ára árið 2006. Helmingur þess var í krónum en afgangurinn í blandaðri mynt. Lántaki samdi í febrúar um höfuðstólslækkun, sem nam 35 þúsund krónum, eða tólf prósentum. Lækkunin gekk til baka við endurútreikning í haust.



**GÍSLI TRYGGVASON** Úrræði bankanna áttu ekki að rýra rétt neytenda.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Íslandsbanki segir þetta hafa gerst í undantekningartilvikum. Það hafi komið fyrir nokkra sem voru með stuttan lánstíma, höfðu borgað lán sín niður á hágingstíma og stutt í síðasta gjalddaga. Þá hafði áhrif ef viðkomandi nýtti sér greiðsluúrræði. Gísli

### Breyting á höfuðstóli erlends láns


Höfuðstóll gengistryggra lána lækkaði um allt frá 30 til 55 prósent að meðaltali. Lækkunin fór meðal annars eftir myntsamsetningu láns, lengd lánstíma, upphafsdegi lántöku og hvort greiðsluúrræði höfðu verið nýtt. Dæmi eru um meiri lækkun og einnig um minni lækkun.

Tryggvason, talsmaður neytenda, segir úrræðin ekki hafa átt að rýra rétt neytenda. Þvert á móti áttu þeir að njóta betri réttar.

Verið er að skoða innan Íslandsbanka hvernig tilfelli sem þessi verða meðhöndluð, samkvæmt svári frá bankanum.

- jab





**TOYOTA**

**Arnar Jónsson**  
Verkstæði Toyota

### Toyota - Bara lausnir

Við eigum líf fyrir utan vinnuna. En okkar einbeitti þjónustuvilji, hæfni og kunnátta, fylgir okkur hvert sem við förum. Í stað þess að einblína á vandamálin finnum við lausnir.

Komdu við hjá næsta viðurkennda þjónustuaðila Toyota þegar þú vilt fyrsta flokks þjónustu.

Toyota á Íslandi  
Nýbýlavegi 2  
Kópavogur  
Sími: 570-5070

[www.toyota.is](http://www.toyota.is)

**Today  
Tomorrow  
Toyota**



## ERTU MEÐ VIÐKVÆMA HÚÐ?

Finnur þú fyrir þurrki í leggöngum, kláða, sveppasykingu eða færðu sár við notkun dömubinda? Prófaðu þá Natracare lífrænar hreinlætisvörur, án klórs, ilm- og plastefna.



**natracare**  
LÍFRÆNAR HREINLÆTISVÖRUR

www.natracare.is

## Evra eða króna?

**Hádegisfundur Evrópuvaktar Samfylkingarinnar á Kaffi Sólon þriðjudaginn 26. október kl. 12-13**

### Frummælendur

Kristján Guy Burgess, aðstoðarmaður utanríkisráðherra  
Hilmar Veigar Pétursson, forstjóri CCP

### Allir velkomnir



Samfylkingin xs.is

Samkeppniseftirlitið samþykkir samruna Landsbankans og Límtré Vírnets ehf.:

## Setur samruna ströng skilyrði

**SAMKEPPNISMÁL** Samkeppniseftirlitið hefur samþykkt yfirtöku Landsbankans og Límtré Vírnets ehf. en setur samrunanum ströng skilyrði og krefst þess að stjórn bankans feli óháðum eftirlitsmanni að tryggja að farið sé í einu og öllu eftir skilyrðunum.

Samkvæmt ákvörðun Samkeppniseftirlitsins verður Landsbankinn að reka fyrirtækið óháð bankanum til að tryggja að það starfi áfram sem sjálfstæður aðili á samkeppnismarkaði. Þá verður bankinn að selja fyrirtækið í opnu sölufrelsi fyrir ákveðinn tímafrest. Frestur-

inn er ekki gefinn upp í ákvörðun eftirlitsins.

Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins segir að óheimilt sé að hlutast til um viðskipti milli Límtrés Vírnets og tengdra fyrirtækja. Þannig er lagt blátt bann við því að bankinn beiti sér fyrir því að tengd fyrirtæki eigi viðskipti við Límtré Vírnet eða að það beini sínum viðskiptum til annarra viðskiptavina bankans. Límtré Vírnet rekur verskmiðju sem framleiðir nagla, bárujárn, límtré og fleira. Þá rekur fyrirtækið blikk- og járnsmiðju og flytur inn byggingavörur.



**NAGLAR** Límtré Vírnet framleiðir meðal annars nagla, bárujárn, límtré og fleira.



**HUMARTROLLIÐ LAGFÆRT** Hagvöxtur og ný störf spretta tæpast upp úr þeim geirum sem oft er horft til, sjávarútvegi og orku-geira, að því er fram kemur í skrifum Alþjóðgjaldeyrissjóðsins. Efla þarf fjárfestingu í öðrum geirum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Vexti settar skorður í sjávarútvegi og orku

Leiðin til aukins hagvaxtar hér á landi er í gegn um aukna fjárfestingu. Veðar er ekki hægt að auka til að búa til hagvöxt og orkufrek verkefni eru tímafrek. Ryðja þarf gjaldeyrishöftunum úr vegi. Tvö skilyrði afnáms af þremur uppfyllt.

### FRÉTTASKÝRING

Hvaðan á hagvöxturinn að koma?

Hagvöxtur hér á landi þarf nær örugglega að vera sprottinn af aukinni framleiðslu skiptanlegra gæða, en svo nefnist á máli hagfræðinnar varningur og þjónusta sem léttilega má flytja á milli landa. Þetta kemur fram í skýrslu sendinefndar Alþjóðgjaldeyrissjóðsins (AGS) í tengslum við þriðju endurskoðun efnahagsáætlunar Íslands.

Í skýrslunni er dreginn fram ákveðinn vandi við að auka hagvöxt hér á landi. Skuldir þjóðarinnar og skorðurnar sem þær setja eftirspurn innanlands bendi til þess að umframgeta í framleiðslu óskiptanlegra gæða (vörur og þjónusta sem aðeins miðast við innanlandsmarkað) svo sem í byggingaríðnaði verði ekki nýtt í bráð.

Fram kemur að þótt fall krónunnar hafi aukið samkeppnishæfni útflutningsgeirans og dregið úr framleiðslukostnaði þá sé framleiðslugeta útflutningsgeira nærri hámarki. Það bendi til þarfarinnar fyrir nýja fjárfestingu, en þrengt sé að henni vegna fábreytni í framleiðslu. Sjávarútvegur og orkugeiri sé aðgreindur frá öðrum íðnaði og það bendi til þess að kostnaður við nýfjárfestingu við uppbyggingu á öðrum sviðum verði mikill. Nýfjárfesting sé þó ein uppspretta vaxtar þegar þjóðir séu að ná sér upp úr kreppu.

### Tvö af þremur skilyrðum uppfyllt

Már Guðmundsson seðlabankastjóri fór yfir stöðuna í íslensku-ameríska viðskiptaráðsins í New York í Bandaríkjunum 19. þessa mánaðar. Í máli hans kom fram að með þriðju endurskoðun efnahagsáætlunar landsins hjá AGS í síðasta mánuði hafi verið uppfyllt tvö af þeim þremur skilyrðum þess að aflétta mætti hér gjaldeyrishömlum. Stöðugleika hafi verið náð í efnahagslífinu og trausti á að ríkið fái staðið undir skuldum sínum, auk þess sem gjaldeyrisforði landsins sé af viðunandi stærð. Þá sé bara eftir að tryggja heilbrigði fjármálakerfisins.

„Líkur eru á að þriðja skilyrðinu verði fullnægt fyrir lok þessa árs,“ sagði hann og kvað þá þann vanda einan eftir að draga eins og hægt væri úr hættunni á tímabundnu gengisfalli krónunnar og óstöðugleika á fjármálamarkaði við afnám hafta, því á riði að aflétta þeim fyrr en síðar.



MÁR GUÐMUNDSSON

Bent er á að ekki sé svo einfalt að auka framleiðsluna. Fiskistofnar séu takmörkuð auðlind og langan tíma taki að koma af stað orkufrekum verkefnum. „Brýn mál voru því að draga úr kostnaði við fjárfestingu á Íslandi og stytta tímenn sem það tekur,“ segir í skýrslu sendinefndarinnar.

Stjórnvöld eru sögð meðvituð um þörfina til að ýta undir fjárfestingu í útflutningsgeira og skoða með AGS leiðir til að gera það. Efst er þar á blaði fullt afnáms gjaldeyrishafta og lok opinberra fjárhagsaðgerða sem aflétta myndu óvissu um regluverk viðskipta- og skattumhverfis landsins. Þar á eftir kemur endurreisn fjármálageir-

ans og úrlausn mála skuldugra fyrirtækja, sem myndi hjálpa til við að losa um fjárhagshömlur sem að öðrum kosti myndu draga úr nýfjárfestingu.

Þriðja áhersluatriðið er svo að tryggja norrænt velferðarkerfi landsins, en með því yrði dregið úr landflotta – en með því að halda mannauðnum yrði dregið úr kostnaði við nýsköpun.

Sendinefndin og stjórnvöld sjá þó bæði blikur á lofti hvað fjárfestingu varðar, að hluta til vegna hiks þegar kemur að erlendri fjárfestingu í viðkvæmum geirum, svo sem í orkuíðnaði, segir í skýrslu sendinefndarinnar.

olikr@frettabladid.is

FJÁRMÁL

Hafðu samband  
sími 444 7000 • arionbanki.is

## Fræðsla fyrir þig



Selfoss – 27. okt.  
Verðtrygging og sparnaður  
Hótel Selfoss kl. 17:30

Fyrirlesari  
Breki Karlsson

Akureyri – 28. okt.  
Verðtrygging og sparnaður  
Hótel KEA kl. 17:30

Fyrirlesari  
Breki Karlsson

Skráðu þig á arionbanki.is.  
Allir velkomnir - Ókeypis aðgangur.

Stofnun um  
fjármálalæsi

Fundirnir hefjast kl. 17:30 og standa yfir í 90 mínútur.

Arion banki

### FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísu eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing



Allt sem þú þarft...



# VITA svarar kallinu!

Viðtökur við skíðaferðum VITA til Ítalíu hafa verið frábærar og því verður boðið upp á aukaflog í vetur.



Lífsmyndar: Randy Linck



Lilja Jónsdóttir er einn af ferðaráðgjöfum VITA og hefur áralanga reynslu af sölu skíðaferða.

### Flugáætlun:

22. janúar **UPPSELT**  
29. janúar **AUKAFLUG**  
5. febrúar **AUKAFLUG**  
12. og 19. febrúar. **UPPSELT**  
26. febrúar.

## Ekki láta þetta tækifæri renna frá þér!

### Beint morgunflug með Icelandair.



Fararstjórar:  
Örn og Evert.

### Val di Fiemme Ítalía



Hótel Shandrani 29. janúar - 5. febrúar

Val di Fiemme – Skíðasvæði með löngum, flottum brekkum sem kemur þér skemmtilega á óvart.

**Verð frá 158.950 kr.\***  
og 15.000 Vildarpunktar

á mann í tvíbýli á hóteli Shandrani, sem er glæsilegt 4ra stjörnu hótél með öllum þægindum. Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting, hálf fæði og íslensk fararstjórn. \* Verð án Vildarpunkta 168.950 kr.



Fararstjórar:  
Einar og Anna.

### Selva Ítalía



Hótel Des Alpes 29. janúar - 5. febrúar

Selva Val Gardena – Stærsta skíðasvæði í Evrópu. Náttúrufegurð, nægur snjór og brekkur fyrir alla. Það er Selva!

**Verð frá 133.200 kr.\***  
og 15.000 Vildarpunktar

á mann í tvíbýli á hóteli Des Alpes, sem er lítið og snort 3ja stjörnu hótél í miðbæ Selva. Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting með morgunverði og íslensk fararstjórn. \* Verð án Vildarpunkta 143.200 kr.



VITA er í eigu Icelandair Group.



VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | VITA.is



VITA er lífið





**RUÐNINGUR Í RIGNINGU** Rigningin steyptist yfir bandaríska ruðningsmenn í Utah um helgina. Þessi áhorfandi var sem betur fer við öllu búinn og lét rigninguna engin áhrif hafa á sig.

MYND/AP

## Óásættanlegur niðurskurður: Öryggi sjúklinga stefnt í hættu

**HEILBRIGÐISMÁL** Hjúkrunarráð Landspítala telur að bóðaður niðurskurður í fjárlagafrumvarpi ársins 2011 hafi neikvæð áhrif á þjónustu við sjúklinga og stofni öryggi þeirra í hættu.

Þetta kemur fram í ályktun hjúkrunarráðs Landspítalans.

„Mikill niðurskurður hefur nú þegar verið á Landspítala síðustu tvö árin og hefur þurft að hagræða um rúmlega sex milljarða og enn er gerð krafa um niðurskurð á þessu ári,“ segir í ályktuninni. „Leitað hefur verið allra leiða til að hagræða í rekstri Landspítala bæði í innkaupum og rannsóknnum ásamt því að starfsmönnum hefur fækkað um 12 prósent frá því í fyrra eða um 600 manns. Frekari niðurskurður á Landspítala er því ekki ásættanlegur.“

- jss

Félagsdómur ógildir ákvörðun hjúkrunarheimilis um skerðingu aksturspeninga:

## Borga skal sjúkraliðum fyrir akstur vegna vinnu

**DÓMSMÁL** Sjúkraliðar á Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Garðvangi í Garði eiga að fá greitt fyrir akstur til og frá vinnu búi þeir í nágrannasveitarfélögunum, segir Félagsdómur.

Garðvangur lækkaði og fellði síðan alfarið niður greiðslur til sjúkraliðanna vegna aksturs til og frá vinnu. Átta sjúkraliðar sættu sig ekki við það og málinu var vísað til Félagsdóms.

Segir í úrskurði Félagsdóms að þrátt fyrir yfirlýsingar framkvæmdastjóra dvalarheimilsins um hið gagnstæða hafi ekki verið leitað samkomulags við sjúkraliðana varðandi þau tilvik þar sem almenningssamgöngur féllu ekki að vaktakerfi. Þótt stjórnendum hafi verið ljóst að almenningssamgöngur hentuðu ekki alltaf

hafi hvorki verið fundin önnur lausn né hafi sjúkraliðarnir fengið greitt fyrir akstur á eigin bílum allar götur frá 1. febrúar á þessu ári.

Ákvarðanir Garðvangs séu andstæðar kjarasamningi. „Verður fallist á þá kröfu stefnanda að viðurkennt verði að ferðir til og frá vinnustað teljist til vinnutíma að því er nemur flutningstíma frá mörkum næsta aðalíbúðarsvæðis til vinnustaðar,“ segir í niðurstöðu Félagsdóms. Dómurinn kveður upp úr með að sjúkraliðar sem starfa á Garðvangi en eru búsettir í Reykjanesbæ, Sandgerði eða Vogum eigi rétt á því að dvalarheimilið sjái þeim fyrir ferðum til og frá vinnustað eða greiði ferðakostnað. Slíkar ferðir teljist til vinnutíma.

- gar



**Í GARÐI** Átta sjúkraliðar sem vinna á Garðvangi en búa ekki í Garðinum eiga að fá aksturspeninga sem teknir voru af þeim.

Tekist á um meint reglubrot Bankasýslu ríkisins:

## Þingmaður telur starfsreglur hafa verið brotnar

**ALÞINGI** Bankasýsla ríkisins braut starfsreglur um skilvirka og gagnsæja ferla við sölu á eignum Landsbankans til Arion, félags í eigu lífeyrissjóða, að mati Guðlaugs Þórs Þórðarsonar, þingmanns Sjálfstæðisflokks.

Guðlaugur krafði Steingrím J. Sigfússon fjármálaráðherra um viðbrögð í fyrirspurnatíma á Alþingi fyrir helgi. „Nú segir hvergi að brjóta megji allar reglur ef lífeyrissjóðir eiga í hlut. Hvað ætlar fjármálaráðherra að gera?“ spurði Guðlaugur og kvað Bankasýsluna kosta skattgreiðendur 100 milljónir króna á ári, þótt meginhlutverk hennar væri bara að fara með



**GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON**

hlut ríkisins í Landsbankanum.

Steingrímur benti á að Bankasýslan færi einnig með eign ríkisins í Arion og Íslandsbanka og væri að taka við eignarhlut í sparisjóðunum. Þá væri kostnaður við Bankasýsluna ekki 100 milljónir, heldur á milli 50 og 60.

Þá sagði fjármálaráðherra fullyrðingu Guðlaugs um að farið hafi verið á svig við lög og reglur rakalaus. Útskýrt hefði verið bæði af hálfu Landsbankans og Bankasýslunnar hvernig að málum hefði verið staðið, um hafi verið að ræða sameiningu eignarhalds við stækkaðan sjóð, fremur en beina eignasölu.

- óká



**FORSETI ÞÝSKALAND Í RÆÐUSTÓL TYRKNESKA ÞINGSINS** Recep Tayyip Erdogan, forseti Tyrklands, fylgist með Christian Wulff flytja boðskap sinn.

NORDICPHOTOS/AFP

## Hvetur Tyrki til að virða trúfrelsið

Forseti Þýskalands sagðist ætlast til þess af tyrkneskum stjórnvöldum að kristnir menn fái að iðka trú sína hindrunarlaust. Áður hvatti hann Þjóðverja til að taka múslimum opnum örmum í Þýskalandi.

**TYRKLAND** „Kristni á tvímælalaust heima í Tyrklandi,“ sagði Christian Wulff, forseti Þýskalands, þegar hann ávarpaði tyrkneska þingið í Ankara fyrir helgi, fyrstur þýskra forseta.

Hann sagðist ætlast til þess af tyrkneskum stjórnvöldum að kristnir menn fái þar sömu réttindi og múslimar. Þeir megji iðka trú sína fyrir opnum tjöldum, reisa þar kirkjur og mennta presta, rétt eins og múslimar fá að reisa moskur og mennta trúarleiðtoga í Þýskalandi.

„Við verðum að gera trúarminnihlutum kleift að iðka trú sína,“ sagði Wulff á tyrkneska þinginu. Övenju fámenn var reyndar í þingsalnum, og hafa sumir túlkað það sem andstöðu sumra þingmanna við boðskap þýska forsetans, sem hafði fyrirfram dreift meginpunktum ræðunnar til þingmanna.

Tengsl Tyrklands og Þýskalands eru mikil, ekki síst vegna þess hve margir aðfluttir Tyrkir og afkomendur þeirra búa í Þýskalandi.

Í ræðu sinni tók Wulff sérstaklega fram að Þjóðverjar hafi mikinn áhuga á að Tyrkland tengist Evrópusambandinu nánum böndum, en tyrknesk stjórnvöld hafa

lengi átt í samningaviðræðum um aðild að Evrópusambandinu.

„Trúfrelsið er partur af þeim skilningi okkar að Evrópa sé samfélag um siðferðileg verðmæti,“ sagði Wulff.

Fyrir fáeinum vikum hafði Wulff reyndar haft sams konar boðskap fram að færa í heimalandi sínu, Þýskalandi, en þá með öfugum formerkjum: „Kristni á heima í Þýskalandi,“ sagði hann 3. október í ræðu í Bremen í tilefni af því að tveir áratugir voru liðnir frá því Austur- og Vestur-Þýskaland sameinuðust í eitt ríki.

„En nú er svo komið að íslams trú á einnig heima í Þýskalandi,“ sagði hann og hvatti Þjóðverja til að taka múslimum og innflytjendum almennt opnum örmum. Jafnframt hvatti hann innflytjendur til að laga sig að þýsku samfélagi.

Miklar og heitar umræður hafa verið í Þýskalandi undanfarnar vikur um innflytjendur í landinu og aðlögun þeirra að þýsku samfélagi. Meðal annars sagði Angela Merkel kanslari í ræðu þann 15. október að tilraunin með fjölmenningsamfélag í Þýskalandi hafi algerlega mistekist.

gudsteinn@frettabladid.is

GERÐU VERÐSAMANBURÐ

**LÆGRA**  
LYFJAVERÐ Í 14 ÁR

**Apótekið**

—einfalt og ódýrt

Spönginni • Hólagarði • Hagkaup Skeifunni • Hagkaup Akureyri



KVENNAFRÍDAGURINN 25. OKTÓBER

# ÞORUM GETUM VILJUM

## Samtök launafólks hvetja konur til virkrar þátttöku í baráttudegi kvenna - Kvennafrídeginum!

Samtök launafólks hafa frá upphafi barist fyrir jöfnum rétti kynjanna. Nú eru blikur á lofti og mikilvægum árangri af áratuga baráttu fyrir jafnrétti er alvarlega ógnað.

- Launamunur kynjanna er enn að aukast
- Vegið er að rétti foreldra í fæðingarorlofi
- Ráðist er gegn konum sem starfa við heilbrigðis- og velferðarþjónustu
- Niðurskurður í velferðarþjónustu veikir stöðu kvenna á vinnumarkaði með því að færa launuð störf yfir í ólaunuð störf inni á heimilum
- Samtök launafólks fordæma kynbundið ofbeldi og áreiti á vinnustöðum og í samfélaginu öllu



Alþýðusamband Íslands



KENNASAMBAND  
ÍSLANDS



SAMTÖK  
STARFSMANNA  
FJÁRMÁLAFYRIRTEKJA



Konur yfirgefa vinnustaði sína klukkan 14.25 í dag.

## Þess vegna kvennafrí

**K**onur eru helmingur mannskyns en eiga eitt prósent eigna heimsins.

Áætlað er að konur vinni 2/3 hluta vinnustunda í heiminum. Að launum hljóta þær tíu prósent þeirra tekna sem aflað er.

Heildarlaun kvenna á Íslandi eru samkvæmt tölum Hagstofunnar 66 prósent af heildarlaunum karla.

### SKOÐUN

Steinunn Stefánsdóttir  
steinunn@frettabladid.is



Kynbundinn launamunur mælist meiri á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum. Hann er samkvæmt könnun Capacent frá þessu ári 9,9 prósent.

Ofbeldi gegn konum er til muna algengari ástæða fyrir heilsubresti kvenna í heiminum en umferðarslys og sjúkdómur-

inn malaría eru samanlagt.

Áætlað er að um 800.000 manneskjur séu seldar mansali á ári hverju í heiminum, flestar til kynlífsþrælkunar. Átta af hverjum tíu þeirra eru stúlkur og konur, þarf af um helmingur undir lögaldr.

Talið er að ein kona af hverjum þremur hér á landi verði fyrir alvarlegu kynferðislegu ofbeldi einhvern tíma á lífsleiðinni.

Polendur kynferðisofbeldis mæta enn djúpstæðum fordómum sem meðal annars felast í því að leitað er að ástæðum glæpsins hjá polanda hans fremur en að beina sjónum að gerandanum.

Nærri þriðjungur ofbeldismanna sem voru ástæða þess að konur leituðu til Kvennaathvarfsins í fyrra voru fyrrum sambýlis- eða eiginmenn þeirra. Ógnin sem felst í ofbeldi í nánu sambandi getur því haldið áfram jafnvel löngu eftir að sambandi hefur verið slitið.

3,1 prósent íslenskra kvenna hafði leitað til Stígamóta vegna kynferðislegs ofbeldis sem þær höfðu verið beittar, frá stofnun samtakanna til ársloka 2009, eða í 20 ár.

Rannsóknir sýna að fyrirtækjum þar sem bæði kyn skipa stjórn vegnar betur en þeim sem hafa á að skipa einkynja stjórnun. Samt eru nærri níu af hverjum tíu stjórnarmönnum í íslenskum fyrirtækjum karlar og algengast er að stjórnir fyrirtækja séu eingöngu skipaðar körlum.

Þrátt fyrir að Ísland mælist með minnsta kynjabil í heimi í skýrslu World Economic Forum þá mælist í þeirri könnun mikið misræmi milli atvinnuþátttöku kvenna, sem hér á landi er með þeirri mestu sem þekktist í heiminum, og efnahagslegri þátttöku þeirra þar sem Ísland er í 18. sæti.

Samkvæmt launakönnun SFR frá 2008 getur karl með grunnskólapróf vænst hærri launa en kona með háskólapróf.

Allar umbætur sem orðið hafa á lífi og réttindum kvenna eru tilkominar vegna samstöðu kvenna og þrotlausrar baráttu þeirra sjálfra.

Þótt margir og mikilsverðir sigrar hafi unnist eru ástæðurnar fyrir því að konur fara í kvennafrí fjölmargar, bæði hér heima fyrir og á alþjóðlegum vettvangi.

Þetta eru nokkrar ástæður þess að konur halda kvennafrí frá klukkan 14.25 í dag.

### Ungir og óreyndir

Samband ungra Framsóknarmanna (SUF) krafðist þess um helgina að ríkisstjórnin taki til skoðunar allar þær hugmyndir sem fram hafa verið lagðar til úrbóta á skuldavanda heimilana. Framsóknarmennirnir ungu sögðu þá þrjósku og þann flokkspólitiska skotgrafahernað sem einkennt hafi umræðuna með öllu óboðlega og hvöttu stjórnvöld til að opna eyrun strax með hagsmunum skuldsættra heimila að leiðarljósi.



### Blindir á málið

Ljóst er að Framsóknarmennirnir ungu boðuðu svoltið nýja tíma í íslenskum stjórnámálum. Það sama verður samt seint sagt um yfirskrift kröfunnar, sem var af gamla skólanum: „Heyrnardeyft ríkisstjórnarinnar.“ Sigurlín Margrét Sigurðardóttir, fyrrverandi varaþingmaður Frjálslynda flokksins, tók málið upp og skrifaði á Facebook-síðu sína að óásættanlegt væri að minnihlutahópar séu notaðir eins og upphrópunarorð fyrir hegðun. Slíkt sé aðeins til þess fallið að ala á fordómum í garð minnihlutahópa.

### Proskaheft ríkisstjórn

Í færslu sinni dró Sigurlín Margrét, sem er heyrnarlaus, fram ýmis dæmi um óheppilegt orðaval um hópa í samfélaginu. Þar á meðal var: „ertu blindur?“ „... meiriháttar mongólti,“ „hagar þér eins og geðveikur“ og þar fram eftir götunum. Þá þóttist hún viss um að hefði SUF notað orðið „proskaheft ríkisstjórn“ í ályktun sinni hefði það vakið hörð viðbrögð.



jonab@frettabladid.is

### HALLDÓR



### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar eht. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafærnu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

## Fáðu ráðgjöf um tímareimaskipti Er tímareimin komin á tíma? Fast verð hjá Vélalandi

Skoðuðu fast verð hjá Vélalandi. Hringdu núna í síma 515 7170 og pantuðu tíma.

**Verðdæmi um tímareimaskipti:**  
Nissan Patrol 2,8 dísil Árgærd 1992-2000 Heildarverð, varahlutur og vinna: 56.442 kr.

Toyota Land Cruiser 90 3,0TD Árgærd 1997-2002 Heildarverð, varahlutur og vinna: 43.205 kr.

Ford Focus 1,6 bensín Árgærd 1998-2005 Heildarverð, varahlutur og vinna: 58.366 kr.

Toyota Corolla 1,6 bensín Árgærd 1997-2001 Heildarverð, varahlutur og vinna: 42.652 kr.

Renault Kangoo 1,4 bensín Árgærd 1998-2005 Heildarverð, varahlutur og vinna: 58.230 kr.

Vara þessa tilboðs er eftirmarkaðsvara (non-OEM/ekki original)

Skoðuðu [www.velaland.is](http://www.velaland.is)



### Menntamál



Finnur Oddsson framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands

**Verðmætasköpun á grunni þekkingar.** Markmiðið hljómar vel og hefur, með einum eða öðrum hætti, verið orðað ítrekað undanfarin misseri. Um það ríkir samfélagsleg sátt, enda felur það í sér möguleikann á lífskjaraþótum umfram það sem auðlindir okkar, sjávarfang og orka, geta staðið undir. Að ná þessu markmiði er forsenda þess að lífskjör sem við höfum vanist verði varanleg.

Því er athyglisvert að skoða hvernig skipulega er unnið að þessu markmiði. Þar mætti t.d. líta til íslenska menntakerfisins. Eftirfarandi eru staðreyndir:

- Íslenska menntakerfið er eitt hið dýrasta meðal ríflega 30 aðildarþjóða OECD.
- Í framlagi til háskólastigs menntakerfisins er Ísland hins vegar meðal þeirra sem reka lestina hjá OECD. Miðað við hin Norðurlandarlögin er framlag á hvern nemanda helmingi lægra á Íslandi. Ísland er eina landið þar sem framlag á hvern háskólanema er svipað og á hvern grunnskólanema.
- Niðurskurður til menntamála í yfirstandandi efnahagskreppu er meiri á háskólastiginu en öðrum skólastigum menntakerfisins.
- Niðurskurður til háskólakerfisins dreifist ójafnt eftir fagsviðum; hlutfallslega

mestur á svið tæknitengdra greina.

Það er jákvætt, og í takti við samfélagsmynd sem sátt er um, að vel er stutt við menntun eins og niðurstöður OECD gefa til kynna. Það skýtur þó skökku við, sérstaklega í ljósi vilja til verðmætasköpunar á grunni þekkingar, að það stig íslenska menntakerfisins sem líklegast er að stuðli að þekkingarverðmætum skuli vera jafn illa fjármagnað og raun er. Og að þar skuli, miðað við önnur stig menntakerfisins, eiga sér stað hlutfallslega mestur niðurskurður á opinberum fjárfrahlögum. Það er einnig umhugsunarefni að niðurskurðurinn skuli helst koma niður á tæknitengdum háskólagreinum. Nú, þegar skortur er á fólki til starfa í þekkingariðnaði og þar liggur einn verðmætasköpunar vaxtarbroddur íslensks atvinnulífs, ætti frekar að efla háskólakerfið og tæknimenntun sérstaklega.

Þetta sýnir að forgangsroðun í íslensku menntakerfi styður ekki við markmið um verðmætasköpun á grunni þekkingar. Um þrennt er að velja; laga þarf skipulag menntamála að markmiðinu, viðurkenna að menntakerfið eigi ekki að nýta sérstaklega til að ná því eða viðurkenna að markmiðið sé ekki raunverulegt. Um tvo síðustu kostina verður vonandi aldrei sátt.



# „Þú ert í flokki þeim“

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson  
rithöfundur

„Svara svara: vertu vel-  
skominn!“ kyrjuðum við  
strákarnir í KFUM fullum  
hálsi á meðan við biðum eftir  
því að komast í borðtennis í  
næsta herbergi. Við hugsuð-  
um ekkert út í það sem við  
vorum að syngja og ekki held-  
ur í næsta lagi: „Þú æskuskari  
á Íslandsströnd / þú ert í flokki  
þeim / er sækir fram í sjónar-  
rönd/ með sigri að komast  
heim.“ Maður fór bara með  
þetta umhugsunarlaust eins  
og hverja aðra „meinvill“  
og „frumglæði ljóssins sem  
gjörvöll mannkind“. Þannig  
var okkar kristni. Hún var  
umhugsunarlaus. Og nú þegar  
ég hugsa um þennan kveðskap  
loksins eftir öll þessi ár verð  
ég að játa að ég botna ekkert  
í honum. Sjónarrönd? Eða var  
það „sólárlönd“? „Með sigri að  
komast heim“?

En ég man hins vegar enn  
þegar KFUM-frömuður kallaði  
á okkur úr borðtennis eitthvert

Og það rann upp fyrir mér  
að ég tilheyrði hinum kristna  
hluta rúttunnar – hinum  
umhugsunarlausu kristna hluta  
heimsins. Það táknaði ekki að  
ég væri „trúður“ eins og sagt  
er um fólk sem hefur sterka  
sannfæringu um tilvist Guðs  
og samband sitt við hann. Það  
táknaði ekki einu sinni að ég  
iðkaði trú mína, væri virkur  
trúmaður. Ég fann hins vegar  
að þótt ég væri löngu hættur  
að kalla: „Svara svara!“ var  
ég hluti af kristnum menning-  
arheimi og hann hluti af mér;  
gildi mín og viðmið voru þaðan  
komin, efi minn líka og meira  
að segja höfnun mín. Þegar ég  
er í því skapi að hafna Guði þá  
er það sá Guð sem ég hafna.  
Þegar ég skynja í stopulur  
leiftrum hina hljóðu nærveru  
er það sá Guð sem ég finn á ný.

## Hagnaðarerindið

Árni Bergmann rithöfundur  
orðar vel trúarþörfina í bók  
sinni Glíman við Guð: „Maður-  
inn trúir vegna þess að hann  
óttast tómið, hann óttast til-  
gangsleysi eigin lífs [...] hann  
óttast eigin smæð og vanmátt  
og einsemd. Hann óttast dauð-  
ann. Hann þarf liðsinni og  
vernd, huggun og von. Hann  
leitir að því grundvallartrausti  
á tilverunni sem er ekki háð



Við fórum að tala saman á nýjan  
hátt. Við töluðum um trúmál: sum  
voru múslimar, sum kristin, hindú-  
ar, búddistar, sum eitthvað annað.

Við vorum sameinuðu þjóðirnar, hvert úr sinni  
álflu, hvert úr sínum hugmyndaheimi.

kvöldið skömmu eftir ferming-  
una, lét okkur setjast og sagði  
okkur að nú gætum við ekki  
lengur verið kristnir umhugs-  
unarlaust. Nú þyrftum við að  
velja hvort við vildum fylgja  
Kristi eða fara á böll og bíó. Ég  
valdi heiminn. Ég hef ekki einu  
sinni spilað borðtennis síðan.

## Lifandi brunnur

Mörgum árum síðar er ég  
staddur í rútu á Indlandi á  
leiðinni frá Agra þar sem við  
höfðum skoðað sjálft hof ást-  
arinnar, Taj Mahal. Skömmu  
áður höfðum við verið í svip-  
aðri skoðunarferð um Dehli  
og þrætt alls konar hof og til-  
beiðslustaði. Smám saman fór  
maður að skynja mikla vídd.  
Þetta var Jörðin og hér gekk  
Mannkynið um. Maður skynja-  
ði og sá mikla lífsbaráttu en  
loftið sindraði líka af andlegri  
orku. Hún streymdi um mann.  
Gott ef maður skynjaði ekki  
þarna lifandi brunn hins „and-  
lega seims“ – hina miklu upp-  
sprettu trúarbragðanna í heim-  
inum. Það var tekið að kvölda í  
rúttunni á leiðinni frá Agra og  
við vorum öll í undarlegu upp-  
námi eftir margvíslegt áreiti á  
öll skynsvið. Eftir heilan dag  
höfðum við færst nær hvert  
öðru. Við fórum að tala saman  
á nýjan hátt. Við töluðum um  
trúmál: sum voru múslimar,  
sum kristin, hindúar, búddistar,  
sum eitthvað annað. Við vorum  
sameinuðu þjóðirnar, hvert úr  
sinni álflu, hvert úr sínum hug-  
myndaheimi. Það ríkti sterk  
eindrægni milli okkar eins og  
stundum getur vaknað í rútu á  
dimmu kvöldi, gagnkvæm vel-  
vild, kærleikur – hljóð nærvera.

duttlungum sögunnar...“

Við finnum vissulega mis-  
jafnlega sterkt til þessarar  
þarfar og veitum henni í mis-  
jafnan farveg. Hin raunveru-  
lega ríkistrú á Íslandi und-  
anfarna áratugi var ekki trú  
á Jesúm Krist, Föðurinn eða  
Móðurina eða Heilagan anda  
heldur var þetta hugmynda-  
kerfi yfirfært á Markaðinn,  
sem tók yfir sem hið alvitra  
og algóða afl í lífi okkar sem  
við skyldum lúta og trúa skil-  
yrðislaust á: hinn eiginlegi  
Guð. Markaðurinn var þríeinn  
og skiptist í Viðskiptafrelsi,  
Neyslu og Hagvöxt. Biskup-  
inn yfir Íslandi var Davíð  
Oddsson. Hannes Hólmsteinn  
Gissurarson var Vígslubiskup-  
inn. Útrásarvíkingarnir voru  
að sækja „fram í sólárlönd“  
eða „sjónarrönd“ með „sigri  
að komast heim“. Bónusfeðg-  
ar voru villutrúarmennirnir  
en í hlutverki Skrattans voru  
umhverfisverndarsinnar. Í  
greiningardeildum bankanna  
og viðskiptadeildum skólanna  
sátu prestarnir og útbreiddu  
Hagnaðarerindið.

Þetta er Guðinn sem brást.  
Og fólk er ringlað og ráðvillt  
og reitt eins og jafnan þegar  
guðir bregðast.

Ég veit ekki hvað mér á að  
finnast um það að Þjóðkirkj-  
unni og Kristi skuli úthýst í  
leikskólum borgarinnar. Ég  
skil foreldra sem hafa sterka  
trúleysissannfæringu og vilja  
ekki að börnin þeirra fái kristi-  
lega uppfræðslu. En mér finnst  
erfitt að halda því fram að  
kristin trú hafi svipaða stöðu  
í þjóðlífi okkar og hver önnur  
aflögð hindurvitni.



## Hjúkrunarþjónusta í Lyfju Lág múla

Veitum ýmsa sérhæfða þjónustu,  
m.a. ráðgjöf við val á stuðnings-  
og sjúkrasokkum/sokkabuxum.  
Einnig fyrir ófrískar konur.

Þjónustan er opin virka daga frá kl. 8-17.

www.lyfja.is

# 10 manns fá milljón!

Vá, hvenær?!

Nú, það er  
ekkert annað!

Kl. 16.00  
á þriðjudaginn

Og það er bara  
dregið úr seldum  
miðum!

Drögum  
26. október,  
vertu með!



HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS

## VÆNLEGAST TIL VINNING

Tryggðu þér miða á [www.hhi.is](http://www.hhi.is), í síma 800 6611 eða hjá næsta umboðsmanni.

## FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísu  
eða fengið sendan daglegan tölvupóst  
með blaði dagsins. Nánari  
upplýsingar á: [visir.is/dreifing](http://visir.is/dreifing)



Allt sem þú þarft...





**PABLO PICASSO** listmálari og myndhöggvari (1881-1973) fæddist þennan dag.  
„Listin er lygi sem gerir sannleikann ljósan.“

## Merkisatburðir

- 1914** Verkakvænnafélagið Framsókn í Reykjavík er stofnað og er þar með fyrsta verkakvænnafélagið. Kvenréttindafélag Íslands er meðal þeirra sem standa að stofnuninni.
- 1947** Kvikmyndasýningar hefjast í Austurbæjarbíói. Nafni bíóins er síðar breytt í Bíóborgina.
- 1962** Rithöfundurinn John Steinbeck hlýtur bókmenntaverðlaun Nóbels.
- 1983** Bandaríkjamenn hernema Grenada.
- 1994** Andrew Wiles sendir frá sér tvær stærðfræðilegar ritgerðir, sem endanlega sönnuðu síðustu reglu Fermats.
- 2001** Microsoft gefur út stýrikerfið Windows XP.

## Hvað má í ævisagnaritun

Guðni Th. Jóhannesson, doktor í sagnfræði, flytur fyrirlestur í Þjóðminjasafninu í dag sem ber yfirskriftina Hvað má? Skráð og óskráð lög um ævisagnaritun. Fyrirlesturinn, er hluti af hádegisfundum Sagnfræðingafélags Íslands í fyrirlestraröðinni Hvað eru lög?

Guðni fjallar um ævisögur og álitismál sem geta vaknað þegar einstaklingur segir ævisögu sína eða fær annan til að gera það fyrir sig, og ekki síður þegar einhver ákveður að segja ævisögu annars manns í óþökk hans eða aðstandenda.

Fyrirlesturinn fer fram á annarri hæð safnsins og hefst klukkan 12.05 og lýkur kl. 13. Aðgangur er ókeypis og öllum opin.



**FYRIRLESTUR Í DAG** Guðni Th. Jóhannesson, doktor í sagnfræði, flytur fyrirlestur um álitamál er tengjast ævisagnaritun í dag.

## Átök í goðheimum

Út er komin bókin Þór – Leyndarmál guðanna, hjá Veröld, en það var Friðrik Erlingsson sem skrásetti. Þar er sagt frá Þór Óðinssyni sem þeyttist um heiminn frá morgni til kvölds



anlega inn í goðheima. Gömlu guðirnir eru hins vegar fullir ófundar yfir vinsældum Þórs og reyna að losa sig við hann.

Friðrik Erlingsson er einnig höfundur að bókinni Þór í heljargreipum, en sú saga byggist á alþjóðlegri teiknimynd sem íslenska teiknimyndafyrirtækið CAOZ framleiðir.



Ástkær eigenmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

### Oddur Geirsson

pípulagningameistari  
Sléttuvegi 19 Reykjavík,

lést þann 15. október. Útför hans verður frá Fríkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 26. október kl. 13. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Hjartaheill.

Margrét Einarsdóttir  
Einar Oddsson  
Sigríður Sesselja Oddsdóttir  
Erna Oddsdóttir  
Sigrún Oddsdóttir  
Geir Oddsson  
afabörn og langafabörn

Eva Østerby

Vilmundur Gíslason

Ragna Björg Guðbrandsdóttir



## Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

**MOSAIK** Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík  
Sími 587 1960 www.mosaik.is

ÞETTA GERÐIST: 25. OKTÓBER 1984

## Byssur finnast við Útvarpshúsið

Að kvöldi þessa dags árið 1984 fundust byssur liggjandi skammt frá Útvarpshúsinu við Efstaleiti. Byssunum, sex rifflum og fjórum haglabyssum, hafði verið stolið úr versluninni Vesturröst nokkrum dögum áður.

Fréttir hermdu daginn eftir að ókunn rödd hefði hringt í DV og tilkynnt að byssurnar lægju við Útvarpshúsið. Starfsmenn DV hringdu í lögregluna sem fór á staðinn og fann byssurnar vaðar inn í lak. Auk

byssanna fannst þónokkurt magn skota í íþróttatöskum sem lágu hjá auk „annars þýfis“ eins og Morgunblaðið greinir frá daginn eftir. Ljóst þótti að byssurnar hefðu legið hjá Útvarpshúsinu, sem þá var nýreist, í skamma stund.

Veturinn á undan hafði haglabýssa verið notuð við vopnað rán í útibúi Landsbankans við Laugaveg en þeirri haglabýssu hafði verið stolið úr Vesturröst.



AFMÆLISRÁÐSTEFNA FÉLAGS LANGVEIKRA BARNA: UMHYGGJA 30 ÁRA Í DAG

## Aðgerðirnar breyttu lífi mínu

Umhyggja, Félag langveikra barna, fagnar 30 ára afmæli sínu með afmælisráðstefnu á Grand Hótel klukkan 13 í dag. Meðal dagskrárliða er afhending gullmerkis Umhyggju, ávarp forseta Íslands, fyrirlestrar og tónlist barna. Auk þess verður myndband um þróun í aðbúnaði langveikra barna á Íslandi sýnt en myndbandið útbjó Elín Hirst. Myndbandið spannar söguna frá árinu 1950. André Bachmann er einn þeirra sem dvaldi sem barn á sjúkrahúsi á þeim árum, allt til sautján ára aldurs.

„Ég fæddist holgóma og með skarð í vör og þurfti að fara í tugi aðgerða sem hófust um leið og ég fæddist, árið 1949. Í fyrstu var enginn lýtalæknir hérlandis og aðgerðirnar skiluðu litlum árangri. Ég man að þegar ég var 6-9 ára beið ég alltaf spenntur eftir því að aðgerðirnar myndu hjálpa mér og breyta lífi mínu,“ segir André en afleiðingarnar af því hve lítið var hægt að gera fyrir hann voru meðal annars alvarlegt einelti.

Aðgerðirnar fóru fram yfir sumartímann og André eyddi því öllum sumrum inni á spítala þar sem enginn mátti heimsækja hann nema foreldrar og þá bara einu sinni í viku. Slíkt var algilt með börn sem dvöldu á sjúkrahúsum hérlandis á þeim árum sem þýddi sársaukafullan aðskilnað fyrir börnin. Þegar André eltist og ný börn komu inn á spítalann og urðu að ganga í gegnum grát og söknun eftir foreldrum sínum var André þeim til aðstoðar og var „í því að hugga“ eins og hann segir sjálfur og hjálpa þeim að aðlaga sig spítalanum. Á fullorðinsárum hefur André haldið áfram að styðja sjúka og fatlaða í samfélaginu og hefur meðal annars haldið jólaball fatlaðra í nærri 30 ár. André starfar einnig sem tónlistarmaður og gefur mikið af vinnu sinni.

„Það má ekki misskilja mig samt, auðvitað var þetta erfitt en ég vissi samt að það var verið að hjálpa mér, tilgangurinn var að hjálpa mér með útlitslýtin. Ég hafði svo lágt sjálfsmat og upplifði svo mikið einelti að þegar fyrsti menntaði lýtalæknirinn kom hingað til lands úr námi, Árni Björnsson, var ég mjög hamingjusamur yfir að komast í hans hendur, nú ára gamall. Eineltið setti svo mikið strík í reikninginn því tveir til þrjár vinir á móti stórum hópi sem tók mann fyrir vegna þess að maður talaði öðruvísi og leit öðruvísi út gátu lítið gert. En ég hugsaði alltaf: sá vægir sem vitið hefur meira.“

André segist hafa lært það að vanda-



**ÆSKAN Á SPÍTALA** „Ég man að þegar ég var 6-9 ára beið ég alltaf spenntur eftir því að aðgerðirnar myndu hjálpa mér og breyta lífi mínu,“ segir André Bachmann sem dvaldi langdvölum á spítöllum sem barn.

málin eru til þess að leysa þau og erfiðleikarnir til að sigra þá. Hann eins og fleiri óttast þau áhrif sem efna-hagsmálin munu hafa á svið barnalækninga. „Það skilur enginn, nema þeir sem reyndu, hvernig þetta var hér á árum áður og við megum ekki bakka. Ef læknar fara úr landi, sem þeir hafa þegar gert, stöndum við uppi og getum ekki hjálpað þessum börnum eins, það er sparnaður sem eng-

inn skilur. Annað er líka að ráðamenn verða að vita sjálfir hvernig heilbrigðiskerfið virkar en þeir geta ekki vitað það ef þeir fá fyrirgreiðslu í kerfinu. Ég fór í aðgerð 2002 og þurfti að ganga í gegnum mikinn frumskóg og bið eins og allir aðrir. Það er spurning hvort ráðamenn hafi upplifað sömu reynslu og þurft að bíða á sama hátt og geti því tjáð sig sannfærandi um málefnið.“

juliam@frettabladid.is

## Stutt við börn með sjaldgæfa sjúkdóma

Ólafur Sólimann, framkvæmdastjóri fyrirtækisins My Secret, hefur stofnað styrktarsjóð My Secret, til aðstoðar fjölskyldum barna með sjaldgæfa sjúkdóma.

Samhliða því var í fyrsta sinn veittur styrkur úr sjóðnum, sem er fjármagnaður með hluta af tekjum My Secret. Ragnar Emil Hafþórsson veitti honum viðtöku, en Ragnar er með hrörnunarsjúkdóminn SMA-1, sem lýsir sér í skertum vöðvastyrk og lungnastarfsemi.

Þess má geta að Ólafur stefnir á útgáfu bóka og mun allur ágóði af þeim renna í My Secret styrktarsjóðinn. Þeir sem hafa áhuga á að leggja sitt af mörkum til sjóðsins er bent á reikning hans í Byr, reikningsnúmerið er 1135-05-762886 og kennitalan 681009-0190.

-jbá

**STYRKARSJÓÐIR** Ólafur leit í heim-sókn til Ragnars og fjölskyldu hans í Hafnarfirði til að afhenda styrkinn.







**Heimasíða um hollenska hönnuðinn og arkitektinn Gerrit Rietveld (1888-1964)** hefur verið opnuð af Centraal safninu. Þar er að finna yfir átta þúsund hluti sem Rietveld hannaði. Vefsíðuna má finna á [www.collectie.rietveldjaar.nl](http://www.collectie.rietveldjaar.nl)

# ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar: **Jóna María Hafsteinsdóttir** [jmh@365.is](mailto:jmh@365.is) 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** [thordish@365.is](mailto:thordish@365.is) 512 5447



**ALLT TIL INNPÖKKUNAR**

**ÖSKJUR Í MIKLU ÚRVALI**

Eingöngu sala til fyrirtækja

Opið 08.00-16.00

**GRÆNN MARKAÐUR**

[www.jarn.is](http://www.jarn.is) Ingólfurssónarhluti 2 110 Rvk Sími: 535-8500

Svava Kristín Egilson myndlistarmaður situr oft með handavinnu á eftirlætisstað í húsinu sínu



## Málaði sig frá aðskilnaði

Svava Kristín undir málverkinu góða.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**O**fan við stofusófanann hjá Svövu Kristínu Egilson er mynd sem hún kveðst hafa málað þegar dóttirin var að flytja til

útlanda. „Ég málaði mig svolítið frá þeim aðskilnaði með þessari mynd,“ segir hún og kveðst gjarnan hreiðra um sig í sófanum með þrjónaskapinn og fleira sem hún

sé að fást við. „Annars er ég líka með opna vinnustofu á Brekkugötu 2 í Hafnarfirði,“ tekur hún fram og kveðst vera að undirbúa jólavertíðina. [gun@frettabladid.is](mailto:gun@frettabladid.is)

**SIL-AIR**

**SIL-AIR 50/24**

50 l/min - 1.77 CFM  
8 bar - 116 psi

Afkastar 50L/min og 8.bar/116 psi.  
24 Lítra kútur. Vegur aðeins 27.kg.  
B:40cm x D:40cm x H:60cm

**Færanleg og mjög hjóðlát loftpressa.**

**JARN&GLER** Járn & Gler ehf. - Skútuvegur 1h. Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík S: 58 58 900. [www.jarnkler.is](http://www.jarnkler.is)

Hringdu í síma

**512 50 60**

ef blaðið berst ekki



**6 mánaða vaxtalausar greiðslur**

# Gerðu gæða- og verðsamanburð

**Svefn & heilsa**  
★★★★★  
[www.svefn.is](http://www.svefn.is)

**SVEFNSÓFAR**



Hágæða svefnsófar. Íslensk framleiðsla. Heilsudýna úr þrýstijöfnunarefni. Svefnflötur 140x200. Nú aðeins kr. **264.900**

**SAGA OG ÞÓR**  
Hágæða heilsudýnur



SAGA Queen rúm, nú aðeins **129.900**  
ÞÓR Queen rúm, nú aðeins **149.900**

**IQ-CARE**  
Ein besta heilsudýna í heimi



Queen rúm nú aðeins kr. **179.900**

**ÚRVAL STILLANLEGRA HEILSURÚMA**



**PROFLEX**

2x90x200 og 2x90x210  
Nú aðeins **349.900** með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnum





Elísabet Jónsdóttir og Olga Hrafnadóttir  
[www.volk.is](http://www.volk.is)



Ólöf Erla Bjarnadóttir  
[www.kirs.is](http://www.kirs.is)



Pórdís Jónsdóttir  
[www.thor-disjonsdottir.com](http://www.thor-disjonsdottir.com)



Helena Sólbá  
[www.helenasolbra.is](http://www.helenasolbra.is)

Sæunn Þorsteinsdóttir  
[www.frusa-eunn@gmail.com](http://www.frusa-eunn@gmail.com)

## Handverk í Ráðhúsinu

Gróska og fjölbreytni er sögð einkenna sýninguna Handverk og hönnun sem hefst á fimmtudaginn kemur í Ráðhúsi Reykjavíkur. Yfir 60 hönnuðir, handverks- og listafólk kynna vörur sínar á sýningunni.

Sýningin Handverk og hönnun hefst í Ráðhúsi Reykjavíkur, fimmtudaginn 28. október klukkan 17. Þar gefst gestum og gangandi tækifæri til að kynna íslensku handverki, listiðnaði og hönnun en listamennirnir kynna sjálfir vörur sínar í Ráðhúsinu.

Þetta er í fimmta sinn sem Handverk og hönnun stendur fyrir þessum viðburði. Í ár verða einnig Skúlaverðlaunin veitt í þriðja sinn, verðlaun um besta nýja hlutinn, og hefur verðlaunahafinn verið valinn úr hópi



Steinunn Vala Sigfúsdóttir [www.hringeftirring.is](http://www.hringeftirring.is)

þeirra þátttakenda sem tilkynntu Handverki og hönnun um nýja vöru. Skúlaverðlaunin eru styrkt af Samtökum iðnadarins og mun Orri Hauksson, framkvæmdastjóri samtakanna, afhenda þau klukkan 19.00.

Sýningin hefur verið vel sótt undanfarin ár og segja aðstandendur hennar gróskuna og fjölbreytnina í vörum aldrei hafa verið meiri en nú en yfir 60 hönnuðir, handverks- og listafólk taka þátt.

Hægt er að skoða kynningu á öllum þátttakendum á heimasíðunni: [www.handverkoghonnun.is](http://www.handverkoghonnun.is) Sýningunni lýkur mánudaginn 1. nóvember klukkan 19.

[heida@rettabladid.is](mailto:heida@rettabladid.is)



## Dagskrá vikunnar

Vikan 25. - 29. október

### Mánudagur 25. október

- ▶ **EFT og djúpslökun** - Lærðu að innleiða EFT (Emotional Freedom Techniques) í þitt daglega líf og umbreyttu heftandi viðhorfum. Þú átt skilið að njóta tilfinningalegrar gleði, góðrar heilsu og slökunar. Umsjón: Viðar Aðalsteinsson EFT sérfr. Kl. 14:00 - 16:00
- ▶ Ljósmyndaklúbbur kl. 13:00 - 14:00 ▶ Þrjónahópur kl. 13:00 - 15:00

### Þriðjudagur 26. október

- ▶ **Qi-Gong** - Fáðu leiðsögn í Qi-Gong æfingum sem hjálpa fólki að afla, varðveita og dreifa orku um líkamann. Umsjón: Viðar H. Eiríksson. Kl. 12 - 13
- ▶ **Bowen tækni** - kynning á Bowentækni sem getur lagað kvilla og bætt líðan til muna. 20 mínútna einstaklings prufutími. Skráning nauðsynleg. Umsjón: Guðmann Elíasson, Bowen tæknir. Kl. 13:00-15:00
- ▶ Gönguþópur kl. 13:00 - 14:00 ▶ Vinnu saman (Byflugurnar) kl. 14:00 - 16:00
- ▶ Skiptifatamarkaður kl. 14:00 - 16:00

### Miðvikudagur 27. október

- ▶ **Listin að lifa - Art of Living** - Öndunartækni og hugleiðsla sem hjálpar til við að lifa í núinu. Umsjón Lilja Steingrimsdóttir. Kl. 13:00 - 14:00
- ▶ **Enskuhópur** - Viltu æfa þig í að tala ensku? Komdu og æfðu þig í að tala ensku og fáðu leiðsögn í hvernig þú getur bjargað þér á ensku í daglegu tali. Umsjón: Ásgerður Einarsdóttir, ferðamálafræðingur. Kl. 14:00 - 15:00
- ▶ Lögfræðiráðgjöf fyrir innflytjendur - Skráning æskileg. Kl. 14:00 - 16:00
- ▶ Tölvuaðstoð kl. 13:30-15:30 ▶ Bricdsklúbbur kl. 14:00 - 16:00

### Fimmtudagur 28. október

- ▶ **Myndlist** - Byr listamaður í þér? Nú er tækifærið að finna hann og þroska með aðstoð myndlistarkennara sem leiðbeinir í olíu- og vatnslitámálun, meðferð pastellita og teikningu. Umsjón: Teresa Rodrigues, mynd- og leirlistakona. Kl. 13:30 - 15:30
- ▶ Saumasmíðjan Kl. 13:00-15:00 ▶ Jóga Kl. 14:30-15:30 **ATH!! Breyttur tími.**

### Föstudagur 29. október

- ▶ **Indland** - Matur og menning. Fjallað verður um menningu landsins og sýndar myndir. Eldaður Indverskur réttur í lokin og borðað saman. Umsjón: Hrafnhildur Gísladóttir. Kl. 13:00-14:30
- ▶ **Hvað liggur þér á hjarta?** - Spjallhópur Byflugna. Kl. 13:30-15:00
- ▶ Létt leikfimi í Rauða kross húsinu Kl. 10:00 ▶ Vöflukaffi Kl. 14:00-15:30
- ▶ Gönguþópur Kl. 13:00-14:00 ▶ Hláturjóga kl. 15:00-16:00



Borgartúni 25 | Reykjavík | **Opið mánudaga til föstudaga kl. 13-16**  
[raudakrosshusid@redcross.is](mailto:raudakrosshusid@redcross.is) | [www.raudakrosshusid.is](http://www.raudakrosshusid.is)



Vetrarstemning á konfektkössum. Gunnella Ólafsdóttir umkringd frummyndunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Jólagjafirnar eru ekki leyndarmál

**Nýir konfektkassar frá Nóa Síriusi eru að koma í verslanir þessa dagana. Kassana prýða myndir af málverkum eftir Gunnelli Ólafsdóttur.**

„Þeir höfðu samband við mig frá Nóa Síriusi og sögðu að í tilefni af 90 ára afmæli fyrirtækisins væru þeir að fara af stað með nýja línu af konfektkössum og hefðu áhuga á að bjóða upp á íslenska myndlist. Þeir spurðu hvort ég væri til í samstarf og ég náttúrulega játti því,“ segir Gunnella Ólafsdóttir myndlistarkona, en myndir af málverkum hennar prýða nýja gerð konfektkassa frá Nóa Síriusi, sem eru að koma í verslanir þessa dagana.

„Það varð úr að þeir völdu fjórar myndir eftir mig, tvær með vetrarstemningu og tvær með sumarstemningu,“ segir Gunnella. „Myndirnar eru notaðar á tvenns konar kassa, 600 gramma og 300 gramma. Myndirnar sem þeir

völdu voru þegar til staðar, sumar óseldar og aðrar í einkaeign, en ég átti til ljósmyndir af þeim sem voru notaðar fyrir prentunina.“

Gunnella er ánægð með hvernig til tókst. „Ég er ánægð, en fyrst og fremst stolt og ánægð með verkefnið. Mér finnst heiður að hafa fengið þetta tækifæri og þetta er góð kynning á því sem ég er að gera. Fyrir utan það að mér finnst alveg frábært að stórt og virt fyrirtæki skuli kynna íslenska myndlist á þennan hátt. Eini gallinn á þessu er að nú veit fjölskyldan hvað verður í jólapakkanum í ár.“

Gunnella veit ekki af hverju hún varð fyrir valinu. „Kannski er það af því að myndirnar mínar eru svölitið þjóðlegar og litríkar og hver segir sína sögu. Myndefnið og hugmyndirnar koma víða að, bæði úr nútímanum og æsku minni. Ég set oft hugmyndir í gamalt form og umhverfi frá tímum afa og ömmu. Ég hef alltaf haft gaman af því sem er gamalt og á sér einhverja sögu,“ segir Gunnella.

## Tölfræði um baðherbergisferðir

MARGT SEM VIÐ EKKI VISSUM EN GRUNÆÐI KANNSKI UM NÁÐHÚSIÐ.

- Konur eru þrisvar sinnum lengur á baðherberginu en karlar.
- Manneskja fer að meðaltali 2500 sinnum á klósettið á ári.
- Á heimsvísu er talið að sjö milljónir farsíma lendi árlega í klósettinu.
- Fólk eyðir minnst þremur árum af ævi sinni á baðherberginu.
- Bandaríkjamenn eiga heimsmet í notkun klósettappír.
- Fólk hefur orðið uppvíst að því að sturta ymsu í klósettið, þar með talið gullfiskum, fólkskum tönnum, músum, hömstrum, tannburstum, nærbuxum, sokkum og leikföngum.
- Barn notar að meðaltali tíu þúsund bleiur þar til það lærir að fara sjálf á klósettið.
- Karlmennteyða að meðaltali 140 dögum af ævi sinni í að raka sig.
- Fjórir litrar af vatni fara til spillis ef fólk lætur vatnið renna meðan það burstar í sér tennurnar.
- Sú tala hækkar upp í 16 lítra ef vatn er látið renna meðan menn raka sig.
- Það fyrsta sem fólk rekur augun í þegar komið er inn á baðherbergi er hversu mikið er eftir á klósettrúllunni.
- Langflestir ganga úr skugga um að til sé meiri klósettappír í baðherbergisskápnunum.





# híbýli og viðdald

MÁNUDAGUR 25. OKTÓBER 2010



FRÉTTABLAÐIÐ





**GARÐYRKJA & UMHVERFIÐ**  
MAGNÚS BJARKLIND GARÐYRKJUFRAÐINGUR

## Um vetrarskýlingu plantna

Nú er samkvæmt íslensku dagatali komin vetur á Fróni og því til sönnunar hefur snjór tekið að falla og frost bitið í kinnar. Sumarið var óvenju gott ræktunarsumar og haustið milt. Því má enn finna fagurlita berjaklasa, nýpur og fræ hangandi utan á greinum trjáa og runna, fuglum og mönnum til gleði og gagns.

Fyrir garðeigandann eru mörg verk sem hentar að framkvæma á haustin og fram í fyrstu vetrardagana. Sé jörð frostlaus má enn pota niður síðbúnunum haustlaukum á útsöluverði úr næstu gróðrarstöð. Pottar, ker og önnur ílát sem ekki þola frost þarf að flytja inn. Einnig þarf að flytja til plöntur sem ekki þola frost, til dæmis rósmarínrunnann úr kryddjurtabeðinu.

Fyrstu vetrarverkin snúa þó fyrst og fremst að skýlingu. Tilvalið er að nýta lauf og aðra visnaða plöntuhluta í þekjur í beðum, til dæmis yfir fjölæringa eða aðrar viðkvæmar plöntur og rætur.

Í snjónum hafa plönturnar gott skjól og einangrun. Þar sem honum er ekki alltaf til að dreifa, til dæmis á Suðurlandi, getur vetrarskýling gert gæfumuninn þegar plöntur standa mjög áveðurs og á móti ríkjandi vindátt.

Svo kölluð rötarskýling er hvers konar þekja af laufi, greinum, trjákurli eða hálm sem sett er ofan á beðin. Athugið að hreinsa beðin ekki of snemma á vorin. Laufblöð og önnur lífræn þekja skýlir undirliggjandi gróðri og lífverum moldarinnar. Á haustin þegar lauf tekur að falla er æskilegt að raka mesta laufið af grassvæðum en óþarfi er að henda því, frekar að dreifa lafinu í beðin í ofangreindum tilgangi.

Svo kölluð skjólgerði geta verið úr margvíslegu efni og oft er hægt að nota þau ár eftir ár. Oftast eru timburstaurar reknir í jörðu og klæðning fest á milli. Æskilegt er að hafa klæðningu ekki allt of þétta enda má gjarnan leika um plönturnar einhver vindur. Einnig geta of þéttar skjólgrindur valdið því að vindurinn brotnar ekki heldur steypir sér yfir þær.

Skjólhlífar eru oftast gerðar úr timburhælum og klæddar með striga, til dæmis hið hefðbundna „indjánatjald“ það er þegar hælum er stungið skáhallt í jörðu og þeir mætast í toppinn þar sem þeir eru bundnir saman. Utanum er svo vafið striga, þó þannig að lofti á milli.

Upp úr áramótum er nauðsynlegt að skýling sé komin í kringum plönturnar en seinnipart vetrar og fram á vor er hættan á skemmdum mest. Fjarlægja þarf skýlinguna þegar næturfrostum linnir og frost hverfur úr jarðvegi.

Lesið má meira um vetrarskýlingu í bókinni „Vinnan í garðinum“ og á heimasíðunni [www.horticum.is](http://www.horticum.is).



„Sjálfrí fannst mér grindverkið dálítið skrautlegt þegar það var sett upp fyrst og var svona allt öðru vísi en allstaðar í kring en nú vildi ég ekki hafa það öðruvísi,“ segir Bjarney Jónsdóttir.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Heimasmíðað grindverk með svönum á flugi við Sigtún

Umhverfis hús við Sigtún í Reykjavík er eftirtektarverð girðing. Þar svífa svanir um heiðloftið blátt og elta hver annan. Bjarney Jónsdóttir, íbúi í húsinu, kann söguna bak við listaverkið.

„Það var faðir minn, Jón Bjarnason trésmiður, sem teiknaði girðinguna. Hann var Reykvíkingur, fæddur 1888 og hafði sem unglíngur lært teikningu hjá Stefáni Eiríkssyni myndskera. Hann dundaði alla tíð við teikningu og listmálun þegar tími gafst frá störfum,“ byrjar Bjarney Jónsdóttir frásögn sína þegar forvitnast er um tilurð grindverksins kring um hús hennar.

Bjarney hefur átt heima í húsinu frá 1950 ásamt manni sínum, Einari Elíassyni vélstjóra, og nú býr dóttir þeirra í kjallaranum. „Við byggðum húsið sjálf ásamt föður mínum og fluttum inn í það hálfbyggt því þá var ekki mikið um lán í bönkum og það var kannski ágætt. Svo var girðingin sett upp tíu árum seinna. Faðir minn teiknaði upp skapalónið af fuglum og fékk sér járn til að smíða þá úr. Maðurinn minn hjálpaði honum að sjóða grindverkið saman með logsuðutæki en til að gera það endingarbetra fóru þeir með það í rafsuðu í Vélsmiðjuna Héðin. Svo var það sett í galvaniseringu og síðan borin á það rauð skipamenja sem grunnur. Eftir það var það málað í þeim litum sem það er í núna.“

Vegna hins góða frágangs í upphafi hefur grindverkið aldrei ryðgð neitt að ráði, að sögn Bjarneyjar en það hefur verið málað reglulega. „Eitt sinn var ég að búa mig í að mála þegar nágrennakona mín kom að mér og spurði hvort ég ætlaði nokkuð að fara að breyta litunum? Hún vildi fyrir alla muni hafa þá eins og þeir voru. Sjálfrí fannst mér þetta dálítið skrautlegt þegar það var sett upp fyrst og var svona



Fánalitirnir hafa alltaf prýtt húsið því fyrir neðan bláa gluggana eru rauðar rendur.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

allt öðru vísi en allstaðar í kring. En nú vildi ég ekki hafa það öðruvísi.“

Húsið er hvítt með rauðu þaki og bláum gluggum með rauðum línunum neðan við. Þegar haft er orð á að fánalitirnir séu ráðandi brosir Bjarney. „Já, pabbi var þjóðlegur í hugsun. Hann valdi litina á húsið og við höfum haldið þeim. Það var líka meiningin hjá honum að hafa grindverk meðfram tröppunum en þá þurfti að safna fyrir öllum hlut-

um og hann var orðinn svo fullorðinn að það komst aldrei upp. Hann var samt búinn að teikna það og drögin eru til. Þau sýna þar í þjóðbúningum að dansa upp tröppurnar. Ég held að hann hafi fengið hugmyndina þegar hann vann við endurbætur í Laugarnesskóla. Þar sá hann myndirnar af börnunum sem eru í handriðinu meðfram stiganum. Þær eru eftir Ásmund Sveinsson sem var nágrenni okkar hér í Sigtúninu.“

- gun







**Fasteignakóngurinn  
auglýsir eftir nýjum eignum á  
söluskrá.  
Fyrirmyndar árangur, þjónusta  
og fagleg vinnubrögð.**

Bogi Pétursson lögg. fasteignasali  
Finnbogi Hilmarsson lögg. fasteignasali  
Andri Sigurðsson lögg. leigumiðlari

**Sími 530 6500**  
heimili@heimili.is

Erum með fjölda eigna á skrá þar sem fólk er tilbúið að skoða ýmis skipti.  
**Hafðu samband** við okkur og kannaðu möguleika á eign í makaskiptum. Þú gætir verið komin í hentugri eign áður en þú veist af.

Á Heimili fasteignasölu starfa eingöngu öflugir löggiltir fasteignasalar, með áratuga reynslu í fasteignasölu, sem eru tilbúnir að vinna fyrir **PIG!** Við leggjum áherslu á vönduð og traust vinnubrögð með hagsmunum þína að leiðarljósi.



**heimili**  
FASTEIGNASALA

**DOMUSNOVA**  
Fasteignasala



**Axel Axelsson**  
Löggiltur fasteignasali

**Bóas Ragnar Bóasson**  
Sölustjóri  
Sími: 699 6165

Turninum 12. hæð - Smáratorgi 3 - 201 Kópavogi

**Furuás, 221 HFJ.**

Vel hannað 297,6 fm parhús á 2 hæðum við Furuás í Hafnarfirði. Húsið er hægt að fá fokhelt að innan og utan til afhendingar eftir samkomulagi verð **26.900.000** einnig er mögulegt að kaupa húsið í núverandi ástandi verð **17.900.000**. Möguleiki er að gera séríbúð á neðri hæð hússins sem gæti hentað afar vel til útleigu. Upplagt fyrir handlagna. Allar teikningar fylgja með.

Aðeins  
**90.390 kr**  
fermetur



Nánari upplýsingar veitir Bóas í síma  
699 6165 eða á boas@domusnova.is

## Glæsilegt hús í Garðabæ

**Þrastalundur kynnir einlyft  
einbýlishús í Garðabæ sem  
hefur verið endurnýjað bæði  
að utan og innan.**

Fasteignasalan Eignamiðlun kynnir vel skipulagt einlyft 143.6 fermetra einbýlishús ásamt 59,9 fermetra bílskúr að Þrastarlundi 7 í Garðabæ. Húsið hefur nær allt verið standsett að innan. Það skiptist í forstofu, snyrtingu, hol, tvær samliggjandi stofur, baðherbergi, þvottahús, sjónvarpsherbergi og þrjú svefnherbergi. Það hefur nýlega verið lagfært og málað að utan og nær allt endurnýjað að innan. Má þar nefna gólfefni, innihurðir, baðherbergi og loft. Þá hefur halógenlýsingu verið komið fyrir í lofti og öryggiskerfi komið í gagnið. Allar innréttingar í húsinu eru endurnýjaðar og sérsmíðaðar með vönduðum hætti.

Húsið stendur á 887 fermetra lóð með tveimur nýjum timburveröndum úr lerk. Lóðin er vel hirt, gróin og skjólsæl.

Nánari lýsing á húsinu er á þessa leið. Komid er inn í flísalagða forstofu með skápum frá GKS. Inn af



Húsið er glæsilegt að innan sem utan.

henni er nýlega standsett baðherbergi með glugga. Úr forstofunni er komið inn í rúmgott hol. Til vinstri er svefnangangur en til hægri er stór stofa og borðstofa. Ljóst eikarplankaparket er á gólfum. Úr holinu er gengið beint út í suðurgarð. Eldhúsið er með nýrri hvítu sprautlakkaðri innréttingu. Eldhúsið er opið inn í hol og borðstofu. Inn af svefnanginum er þvottahús. Við

enda gangansins er sjónvarpsherbergi sem gæti nýst sem fjórða svefnherbergið. Baðherbergið er með baðkeri, upphengdu salerni, nýjum blöndunartækjum, sérsmíðaðri innréttingu og flísalagt í hól og gólf. Bílskúrin er tvöfaldur með hurðaopnara og þriggja fasa rafmagni. Fyrir framan hann er stórt bílplan. Hiti er í hluta gangstéttar og í stæði fyrir framan bílskúrin

**FASTEIGNA MIÐLUN**

Ármúla 19 – Sími 575-8500 Pálmi Almarsson, lögg.fasteignasali

**MJÖG MIKIL SALA - VANTAR EIGNIR Á SKRÁ**

Vegna mikillar sölu vantar okkur eignir á skrá. Höfum á skrá áhugasama kaupendur sem biða eftir réttu eigninni. Ef þú ert í söluhugleiðingum hafðu þá sambandi við sölumenn okkar í síma 575-8500

Fasteignamiðlun í 30 ára, fasteignamiðlun.is.

**Fasteignasala Mosfellsbæjar**

Einar Páll Kjærnested lögg. fasteignasali.  
einar@fastmos.is

KJARNNA - ÞVERHOLT 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081  
WWW.FASTMOS.IS

### Dvergholt 14 - 270 Mosfellsbær

**OPIÐ HÚS**

**Opið hús í dag mánudag frá kl. 17:30 til 18.00**

5 herbergja 123,3 fm íbúð á jarðhæð með sér inngangi í tvíbýlishúsi. Íbúðin skiptist í forstofu, 4 herbergi, stóra stofu, þvottahús eldhús og bað. **Eignin er laus til afhendingar strax! V. 20,5 m. 5034**

**Blikahöfði - 270 Mosfellsbær**

Falleg 3ja herbergja, 99 m2 íbúð á jarðhæð hæð í 3ja hæða fjölbýli með sér inngangi og stórum palli við Blikahöfða. Íbúðin skiptist í forstofu, stóra stofu og borðstofu, barnaherb., hjónaherb., þvottahús/geymslu, baðherb. með baðkeri og eldhús. Íbúðinni fylgir sérgeymsla á jarðhæð. **V. 22,0 m. 5032**

**Litlirikri - 270 Mosfellsbær**

Glæsilegt og vel skipulagt 295,1 fm einbýlishús á tveimur þöllum með tvöföldum bílskúr við Litlirikri í Mosfellsbæ. Húsið er mjög falllegt og mikið lagt í frágang innandyra, lýsing er hönnuð af Lúmax, hnotuparket og flísar eru á gólfum, innréttingar eru frá JKE Design og vönduð tækni í eldhúsi. **Eignin er laus til afhendingar strax! Lækkað verð! V. 62,5 m. 4485**

**Svöluhöfði 12 - 270 Mosfellsbær**

Glæsilegt 319 m2 einbýlishús. Húsið er hannað af Agli Guðmundssyni, arkitekt og byggt árið 2002. Húsið skiptist í tvær almur sem tengjast með tengibyggingu. Stofa, borðstofa, útsýnispallur, eldhús, 2-3 svefnherbergi, bað og þvottahús í annari almunnni og sérhönnuð vinnustofa með stórum sal, forstofu, bað, geymslu og bílskúr. **Lækkað verð! V. 69,9 m. 3399**



**Rauðavað - 110 Reykjavík**

Mjög falleg 92,4 m2, 2ja herbergja íbúð með sér inngangi og stórum timburverönd við Rauðavað 17 í Reykjavík. Íbúðinni fylgir stæði í lokaðri bílageymslu. Eignin skiptist í forstofu, þvottahús, baðherbergi, svefnherbergi, eldhús, stofu, borðstofu og sér geymslu innan íbúðarinnar. **V. 22,5 m. 5030**



**Bugðutangi - 270 Mosfellsbær**

86,6 m2, 3ja herbergja endaraðhús. Steypt hús á einni hæð. 2 rúmgóð svefnherbergi, falllegt baðherbergi m/sturtuklefa, geymsla, góð stofa, eldhús og búr/þvottahús inn af eldhúsi. Stór hornlóð með timburverönd og góð aðkoma að húsi. **V. 25,9 m. 3337**



**Miðholt - 270 Mosfellsbær**

Hagstæð 94,8 m2, 4ra herb. endaíbúð á efstu hæð í litlu fjölbýli. Íbúðin skiptist í forstofuhól, baðh. m/sturtu, þrjú svefnh., borðstofu, stofu, eldhús og búr. Stutt í alla þjónustu í miðbæ Mosfellsbæjar sem og á Varmáskólasvæðið. **V. 19,4 m. 4562**



**Rauðamýri 3 - 270 Mosfellsbær**

Falleg 107,4 m2, 3ja herbergja endaíbúð á efstu hæð í 3ja hæða fjölbýli. Íbúðin skiptist í forstofu, tvö svefnherbergi, baðherbergi með sturtu og baðkeri, þvottahús, eldhús, stofu og borðstofu. Íbúðinni fylgir 9 m2 sér geymsla í kjallara. Fallegar innréttingar og tvennar svalir. **Eignin er laus til afhendingar strax! V. 22,5 m. 5014**



**Þverholt - 270 Mosfellsbær**

Falleg 57,7 m2, 2ja herbergja íbúð á jarðhæð (ósamþykkt) með sérinngangi við Þverholt 9. Íbúðin skiptist í forstofuhól, stofu, eldhús, svefnherbergi og geymslu. Eignin er miðsvæðis í Mosfellsbæ og mjög stutt er í alla þjónustu, verslanir og leikskóla. **Eignin er laus til afhendingar strax! Lækkað verð! V. 9,9 m. 4979**



**Súluhöfði - 270 Mosfellsbær**

Sérlega glæsileg 94,1 m2 neðri sérhæð - jarðhæð, í mjög snyrtilegu og flottu tvíbýlishúsi. Tvö góð svefnh., stofa, borðstofa, gott eldhús, baðh. m/sturtu og þvottahús/geymsla. - Mjög stórt hellulagt bílastæði fyrir tvo bíla, góð verönd og afgirt timburverönd með skjólgröndu. Topp eign á besta stað. **V. 24,9 m. 3478**



**Frostafold - 112 Reykjavík**

Vel skipulögð 59,8 m2, 2ja herbergja íbúð á annari hæð við Frostafold 21 í Reykjavík. Íbúðin skiptist í hol, svefnherbergi, baðherbergi, stofu og eldhús. Eigninni fylgir 9,2 m2 sér geymsla á jarðhæð. Falleg og björt eign með mjög stórum svölum í suður. Frábær staðsetning! Stutt í skóla, leikskóla og alla þjónustu. **Lækkað verð! V. 14,9 m. 4960**



**Gullsmári - 201 Kópavogur**

Rihanna hefur einnig stofnað fyrirtækið Rihanna Entertainment, en það ætti enginn að velkjast í vafa um hver er þar við völd. Fyrirtækið sér um viðskiptahlöðina hvað tónlistina, kvikmyndirnar, snyrtivörurnar, tískuna og ritstörfin varðar.



VELDI Rihanna hefur nóg að gera: var að stofna fyrirtæki og semja við umboðsfyrirtæki Jay-Z.

# Lopez-börnin í fyrirsætubransann



Poppdívann Jennifer Lopez er búin að koma tveggja ára tvíbúrum sínum í fyrirsætubransann. Þau Emma og Max verða andlit nýrrar barnalínu Gucci sem kemur út í nóvember. Allur ágóði af fyrirsætustörfunum rennur beint til góðgerðasamtaka og Jennifer því hæst ánægð vinnu barna sinna. Lopez vill meina að dóttirin hafi erfitt tískuáhuga móðurinnar en sonurinn gefi þessu lítinn gaum.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Lopez fær pening fyrir myndir af börnum sínum en hún og maður hennar, spænski sjarmörinn Marc Anthony, fengu tæplega 600 milljónir króna fyrir að selja blaðinu People magazine réttinn á fyrstu myndbirtingunni af börnunum.

**BÖRNIN TIL GUCCI** Tvíburar Jennifer Lopez og Marc Anthony verða ný andlit barnalínu Gucci-tískúhúsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



HJÓN Katy Perry og Russell Brand eru eitt.

# Orðin herra og frú Brand

Söngkonan Katy Perry og spáfuglinn Russell Brand gengu í það heilaga á Indlandi um helgina.

Í tilkynningu sem hjónin sendu frá sér í tilefni dagsins kemur fram að þau hafi orðið herra og frú Brand laugardaginn 23. október í afar andlegri og falletgri athöfn. Vinir og fjölskylda voru viðstaddir afhöfnina sem kristinn prestur framkvæmdi.

Brand er 35 ára gamall og einn af heitustu grínistum heims í dag. Perry er 25 ára gömul og ein heitasta poppstjarna heims. Það eru því ný ofurhjón mætt á svæðið í Hollywood.

**NÝTT Í BÍÓ!**

FÓR BEINT Á TOPPINN Í USA

**INHALE**

★★★★ - B.S. Fréttablaðið

★★★★ - T.V. kvikmyndir.is

**TAKERS**

SPENNUMYND Í ANDA "HEAT"

**LÚXUS**

★★★★★ - P.P. Fréttatíminn - Ó.H.T. Rás 2

the social network

ÞÚ EIGNAST EKKI 200 MILLJÓN VINI

NOKKRA ÓVINI

7

SMÁRA BÍÓ	HÁSKÓLA BÍÓ
INHALE kl. 6-8-10	INHALE kl. 6-8-10:10
TAKERS kl. 5:40-8-10:20	SOCIAL NETWORK kl. 6-9
SOCIAL NETWORK kl. 5:20-8-10:35	BRIM kl. 6-8-10:10
SOCIAL NETWORK LÚXUS kl. 5:20-8-10:35	EAT PRAY LOVE kl. 5:15
BRIM kl. 4-6-8	
EAT PRAY LOVE kl. 10	
AULINN ÉG 2D kl. 3:40	
AULINN ÉG 3D kl. 3:40	
	BORGAR BÍÓ
	TAKERS kl. 8-10
	SOCIAL NETWORK kl. 8-10:15
	BRIM kl. 6
	AULINN ÉG 3D kl. 6

facebook.com/smarabio 5%

**NÝTT Í BÍÓ**

LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

TAKERS

LEGEND OF THE GUARDIANS 3D

PÚ EIGNAST EKKI 500 MILLJÓN VINI

AN ÞESS EIGNAST NOKKRA ÓVINI

AULINN ÉG

SÝNINGARTÍMAR

TAKERS	8 og 10:15	16
LEGEND OF THE GUARDIANS 3D	8 og 10:15 - ENS TAL	L
KONUNGRÍKI UGLANNA 3D	5:50 - ISL TAL	L
SOCIAL NETWORK	5, 7:30 og 10	7
AULINN ÉG 3D	6 - ISL TAL	L

**BESTA SKEMMTUNIN SAMBÍÓINN**

JENNIFER ANISTON THE SWITCH

FRÁ ÞEIM SÖMU OG FÆRÐU OKKUR JUNO OG LITTLE MISS SUNSHINE FRÁBÆR NÝ GAMANMYND SEM KEMUR ÖLLUM Í GOTT SKAP

KONUNGRÍKI UGLANNA 3D

THE SWITCH

THE TOWN

FURRY VENGEANCE

DINNER FOR SCHMUCKS

SOLOMON KANE

ALGJÖR SVEPPI 3D

ÁLFABAKKA

THE SWITCH	kl. 6-8-10:20	10
KONUNGRÍKI UGLANNA 3D	kl. 5:50	7
ÓRÓI	kl. 5:50-8-10:20	10
THE TOWN	kl. 8-10:30	16
THE TOWN	kl. 6-9:15	16
FURRY VENGEANCE	kl. 6	L
DINNER FOR SCHMUCKS	kl. 8-10:20	7
SOLOMON KANE	kl. 10:30	15
ALGJÖR SVEPPI 3D	kl. 6	L

ÁKUREYRI

KONUNGRÍKI UGLANNA 3D	kl. 6	7
THE SWITCH	kl. 8-10:10	10
ALGJÖR SVEPPI	kl. 6	L
ÓRÓI	kl. 8-10:10	10

KRINGLUNNI

THE SWITCH	kl. 8:10-10:20	10
KONUNGRÍKI UGLANNA 3D	kl. 6	7
LEGEND OF THE GUARDIANS 3D	kl. 6	7
ÓRÓI	kl. 8:10-10:20	10
THE TOWN	kl. 8-10:30	16
FURRY VENGEANCE	kl. 6	L

SELFOSSI

SOCIAL NETWORK	kl. 8-10:20	7
ÓRÓI	kl. 8	10
DINNER FOR SCHMUCKS	kl. 10:20	7

HALTU UPP Á AFMÆLIÐ Í BÍÓ SENDIÐ FYRIRSPURNIR Á HOPAR@SAMBIO.IS

**10 ára gömul verð!**

**Eld Smiðjan**

562 3838

Bragagata 38a Laugavegur 81

Suðurlandsbraut 12 18.-31. október

GLEÐIR EKKI UM DRYKKI OG HEIMSENDINGU

ZIK ZAK OG VESTURPORT KYNNA

HAFID GEFUR... HAFID TEKUR...

**BRIM**

INGVAR E. SIGURÐSSON NINA DÖGG FILIPUSDÓTTIR GÍSLI ÖRN GÁRDARSSON

ÓLAFUR EGILL EGILSSON BJÖRN HLYNUR HARAÐSSON ÓLAFUR DARRI ÓLAFSSON

VIKINGUR KRISTJANSSON NANNA KRISTIN MAGNUSDÓTTIR

KOMIN Í BÍÓ!

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ



# JÁ!

– ég þori, get og vil

GÖNGUM ÚT KL 14:25

HITTUMST VIÐ HALLGRÍMSKIRKJU KL 15:00

Á leiðinni að Arnarhóli verða upptökur á hverju götuhorni

## DAGSKRÁ Á ARNARHÓLI:

**ÁFRAM STELPUR!** – baráttusöngvar í nýrri útsetningu

**Rashida Manjoo** Umboðskona SP í ofbeldismálum flytur ávarp

**Dr. Guðrún Jónsdóttir** stofnandi Stígamóta flytur ávarp

**Rauði þráðurinn** – gjörningur

**Þórunn Lárusdóttir** syngur

**Svanborg Hilmarisdóttir** frá Samtökum launafólks flytur ávarp

**Hannes og Smári** troða upp

**Sigrún Pálína Ingvarsdóttir** flytur ávarp

**Gerður Kristný** flytur ljóð

# KVENNAFRÍ 25. OKTÓBER<sup>2010</sup>

ÚTIFUNDIR  
VERÐA AUGLÝSTIR  
Í SVÆÐISFJÖLMÍÐLUM  
UM LAND ALLT

**Sigrún Hjálmtýsdóttir** syngur við undirleik  
**Önnu Guðnýjar Guðmundsdóttur**

**Þórdís Elva Þorvaldsdóttir** flytur ávarp

**Unnur Birna Jónsdóttir** flytur ávarp

**ÁFRAM STELPUR!** Aðalheiður Þorsteinsdóttir, Brynhildur Björnsdóttir, Esther Jökulsdóttir, Margrét Pétursdóttir, Sigríður Eyrún Friðriksdóttir, Kristín A. Ólafsdóttir, Guðrún Alfreðsdóttir, Sigrún Björnsdóttir, Steinunn Jóhannesdóttir og Anna Kristín Arngrímsdóttir

**Fundarstýra Guðrún Jónsdóttir**  
stjórnarformaður Skottanna







**GERPLA** braut blað í íslenski fimleikasögu um helgina þegar liðið sigraði á Evrópumótinu í hópfimleikum sem fram fór í Malmö í Svíþjóð. Sigur Gerplu var einkar glæsilegur en liðið fékk hæstu einkunn á öllum áhöldum.

## ÚRSLIT

### Enska úrvalsdeildin:

BIRMINGHAM CITY - BLACKPOOL	2-0
1-0 Liam Ridgwell (35.), 2-0 Nikola Zigić (56.).	
CHELSEA - WOLVES	2-0
1-0 Florent Malouda (22.), 2-0 Salomon Kalou (80.).	
TOTTENHAM HOTSPUR - EVERTON	1-1
0-1 Leighton Baines (16.), 1-1 Rafael van der Vaart (20.).	
WEST BROMWICH ALBION - FULHAM	2-1
0-1 Zoltan Gera (8.), 1-1 Youssuf Mulumbu (16.), 2-1 Marc-Antoine Fortune (39.).	
WEST HAM UNITED - NEWCASTLE UNITED	1-2
1-0 Carlton Cole (11.), 1-1 Kevin Nolan (22.), 1-2 Andy Carroll (68.).	
WIGAN ATHLETIC - BOLTON WANDERERS	1-1
1-0 Hugo Rodallega (57.), 1-0 Hugo Rodallega (58.), 1-0 Hugo Rodallega (58.), 1-1 Johan Elmander (64.).	
LIVERPOOL - BLACKBURN ROVERS	2-1
1-0 Sotiris Kyriakos (47.), 1-1 Jamie Carragher, sjm (51.), 2-1 Fernando Torres (52.).	
MANCHESTER CITY - ARSENAL	0-3
0-1 Samir Nasri (20.), 0-2 Alexandre Song (65.), 0-3 Nicklas Bendtner (87.).	
STOKE CITY - MANCHESTER UNITED	1-2
0-1 Javier Hernandez (26.), 1-1 Tuncay Sanli (80.), 1-2 Javier Hernandez (85.).	

### STADA EFSTU OG NEÐSTU:

Chelsea	9	7	1	1	25-2	22
Arsenal	9	5	2	2	21-10	17
Man. United	9	4	5	0	20-12	17
Manchester City	9	5	2	2	12-8	17
Tottenham	9	4	3	2	11-8	15
Fulham	9	1	6	2	10-11	9
Blackburn	9	2	3	4	8-10	9
Liverpool	9	2	3	4	9-14	9
Wolves	9	1	3	5	8-15	6
West Ham	9	1	3	5	7-17	6

### IE-deild karla:

KR-Fjölínir	93-77
KR: Finnur Atli Magnússon 19, Marcus Walker 17, Pavel Ermolinskij 15, Brynjar Þór Björnsson 14, Ólafur Már Egiðsson 9, Fannar Ólafsson 8.	
Fjölínir: Egir Þór Steinarrson 14, Tómas Heiðar Tómasson 13, Ben Stywall 10, Ingvaldur Magni Hafsteinsson 9, Trausti Eiríksson 8.	
Hamar-Keflavík	90-85
Hamar: Andre Dabney 28, Ellert Arnarson 27, Darri Hilmarsson 12, Ragnar Á. Nathanaelsson 8.	
Keflavík: Hörður Axel Vilhjálmsson 34, Sigurður Þorsteinsson 14, Þróstur Leó Jóhannsson 11.	
Haukar-Grindavík	84-100
Haukar: Semaj Inge 40, Gerald Robinson 20, Sævar Ingi Haraldsson 13, Óskar Magnússon 5.	
Grindavík: Andre Smith 18, Páll Axel Vilbergsson 18, Björn Steinar Brynjólfsson 15.	

### STADAN:

Grindavík	4	4	0	356-294	8
KR	4	3	1	376-337	6
Haukar	4	2	2	339-339	4
Njarðvík	3	2	1	236-247	4
KFÍ	3	2	1	279-263	4
Snæfell	3	2	1	279-267	4
Stjarnan	3	2	1	254-246	4
Hamar	4	2	2	339-337	4
Keflavík	4	1	3	323-335	2
Fjölínir	4	1	3	324-361	2
ÍR	3	0	3	250-274	0
Tindastóll	3	0	3	189-244	0

### N1-deild karla:

HK-FH	35-32
HK: Ólafur Bjarki Ragnarsson 12, Bjarki Már Elisson 8, Atli Evar Ingólfsson 7.	
FH: Ásbjörn Friðriksson 9, Logi Geirsson 6, Ólafur Guðmundsson 5, Ari Þorgeirsson 4.	

### STADAN:

Akureyri	4	4	0	0126-102	8
HK	4	3	0	1130-130	6
FH	4	3	0	1125-104	6
Fram	4	2	0	2133-115	4
Haukar	4	2	0	291-101	4
Afturelding	4	1	0	396-109	2
Selfoss	4	1	0	3108-135	2
Valur	4	0	0	4107-135	0

### N1-deild kvenna:

Stjarnan-Valur	32-30
Stjarnan: Þorgerður Anna Atladóttir 11, Esther Viktoría Ragnarsdóttir 6, Elísabet Gunnarsdóttir 4, Jóna Margrét Ragnarsdóttir 4.	
Valur: Kristín Guðmundsdóttir 9, Hrafnhildur Ósk Skúladóttir 6, Ágústa Edda Björnsdóttir 4.	
ÍBV-Haukar	27-29
HK-Grótta	39-21
ÍR-FH	16-34

### STADA EFSTU LIÐA:

Fram	4	4	0	0	145-74	8
Stjarnan	4	3	0	1	131-98	6
Fylkir	4	3	0	1	119-92	6
Valur	4	3	0	1	125-84	6

### IE-deild kvenna:

Grindavík-Hamar	75-81
Fjölínir-Keflavík	39-93
Haukar-Njarðvík	60-85
KR-Snæfell	68-40

# Hernandez hetja United

Mexíkóinn Javier Hernandez sá til þess að Man. Utd gerði ekki enn eitt jafnteflið í vetur er hann skoraði bæði mörk United í sigri á Stoke. Liverpool vann langþráðan sigur gegn Blackburn en er þrátt fyrir sigurinn enn í fallsæti.

**FÓTBOLTI** Man. Utd og Liverpool komust bæði á sigurbraut í gær. United lagði Stoke, 2-1, og Liverpool vann Blackburn með sömu markatölu.

Það var Mexíkóinn Javier Hernandez sem bjargaði öllum stigunum fyrir Man. Utd að þessu sinni. Hann skoraði fyrst glæsilegt skallamark með hnakkanum áður en Tuncay Sanli jafnaði fyrir Stoke níu mínútum fyrir leikslok. Þá héldu margir að United væri búíð að missa enn einn leikinn niður í jafntefli. Þá kom Hernandez á vettvang og skoraði sigurmarkið fjórum mínútum fyrir leikslok.

„Þegar Stoke jafnaði fór ég að hugsa að þetta yrði eitt af þessum tímabilum en Chicharito bjargaði okkur. Það var frábært að sjá viðbrögð stuðningsmanna og leikmanna við markinu. Þetta var mark eins og við erum frægir fyrir að skora,“ sagði Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd, eftir leikinn en það varð allt vitlaust er Hernandez skoraði sigurmarkið. Leikmenn fögnuðu eins og óðir væru og nokkrir stuðningsmanna félagsins réðu sér ekki fyrir kæti og hlupu inn á völlinn.

„Það var frábært að fá svona sigurmark og finna stuðninginn frá áhorfendum. Þeir vissu hversu mikilvægt þetta mark var.



**VAKNAÐUR?** Fernando Torres skoraði langþráð mark í gær sem tryggði Liverpool þrjú stig. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES



**HETJAN FAGNAR** Javier Hernandez steig upp í fjarveru Wayne Rooney og kláraði leikinn gegn Stoke með tveimur góðum mörkum. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Vonandi förum við almennilega í gang núna.“

United mátti þakka fyrir að spila með ellefu menn allan leikinn því Gary Neville hefði átt að fá rauða spjaldið í fyrri hálfleik. „Ef þetta hefði verið leikmaður Stoke á Old Trafford sem hefði brotið tvisvar af sér á þennan hátt þá hefði hann verið rekinn út af,“ sagði foxillur Tony Pulis, stjóri Stoke.

Stuðningsmenn Liverpool önduðu aðeins léttar í gær þegar lið þeirra vann loksins leik, Sigurinn dugði þó ekki til að koma liðinu úr fallsæti. Fernando Torres skoraði

sigurmarkið en hann hefur átt erfitt uppráttar í upphafi tímabilsins.

„Fernando spilaði mjög vel í dag. Þetta var hans besti leikur í vetur. Þetta mark var gott fyrir hann og liðið. Vonandi finnur hann gleðina á ný og skorar fleiri mörk,“ sagði Roy Hodgson, stjóri Liverpool, eftir leikinn.

„Ég er afar ánægður með stigin sem og frammistöðu liðsins í dag. Þessi sigur var meira en verðskuldaður og ég var sérstaklega ánægður með fyrstu 70 mínúturnar hjá okkur.“ henry@frettabladid.is



**GLEÐI** Samir Nasri fagnar marki sínu í gær sem var afar fallegt. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

## Arsenal skellti Man. City: City mátti ekki við margnum

**FÓTBOLTI** Arsenal vann góðan sigur á Man. City, 0-3, í gær og blandaði sér með sigrinum aftur í toppslaginn. Lið City lék samt lengstum vel þó svo það hafi misst Dedryck Boyata af velli eftir aðeins fjórar mínútur.

Arsenal var lengi vel aðeins 0-1 yfir í leiknum og Joe Hart hélt City inn í leiknum er hann varði víti frá Cesc Fabregas rétt fyrir lok fyrri hálfleiks.

„Mér fannst við spila frábæran fótbolta á köflum og það er erfitt að stöðva okkur þegar við leikum á svona hraða. Þetta var góður sigur hjá okkur á mjög góðu liði,“ sagði Fabregas eftir leikinn en hann vildi ekki meina að liðsmunurinn hafi breytt svo miklu.

„Það skiptir engu máli hvað andstæðingurinn er með marga á völlum. Við leikum alltaf til sigurs. Það var frábært að fylgjast með sóknarleik okkar í þessum leik. Mér fannst við vera frábærir.“

Roberto Mancini, stjóri City, var ekki sammála þessu mati og segir klárt mál að sitt lið hefði unnið hefðu þeir verið ellefu menn á völlum.

„Það var skelfilegt að missa mann svona snemma af velli en ég er stoltur af strákunum. Þeir stóðu sig vel og voru alltaf líklegir í stöðunni 0-1. Við sýndum að við erum eitt besta liðið með því að standa í Arsenal með aðeins tíu leikmenn. Við hefðum unnið ef það hefði verið jafnt í liðum,“ sagði Mancini. - hbg

KR-ingar kláruðu Fjölnismenn í lokaleikhlutanum eftir að Fjölínir hafði hangið í Vesturbæingum lengi vel:

# KR-ingar stigu upp þegar mest á reyndi

**KÖRFUBOLTI** „Það var alltaf vitað að þetta yrði erfitt og það tekur alltaf tíma að finna veiku blettina. Við vorum að skjóta illa í fyrri hálfleik og þeir nýttu sín hraðauppþaup þannig ég talaði um það við strákana í hálfleik að anda aðeins betur í sókninni og finna réttu skotin,“ sagði Hrafn Kristjánsson, þjálfari KR, eftir 93-77 sigur sinna manna á Fjölni.

„Við höldum þeim í þrjátíu stigum í síðari hálfleik og það er mjög jákvætt,“ bætti Hrafn við en Grafarvogsbúar gerðu meistaraefnunum í KR lífið leitt lengi vel í gær.

Fjölnismenn voru grimmir og gáfu heimamönnum lífið sem ekkert eftir en KR-ingar virtust sterkari og orkumeiri undir lok leiksins og sigldu sigrinum í land.

Hrafn var ánægður með liðið en hrósaði þó Kananum sérstaklega og segir hann vera að finna sig betur og betur innan liðsins.

„Ég er með stórt og sterkt lið

sem er erfitt að hanga í. Mér fannst Marcus Walker eiga besta sautján stiga leik sem ég hef séð. Ég held að hann gefi okkur mikið varnarlega. Hann er líflegur og skemmtilegur karakter. Við vissum að það tæki tíma að finna hans hlutverk í liðinu en sýnist það vera að koma,“ sagði Hrafn brosandí en það hefur ekki alveg gengið sem skyldi hjá KR í upphafi leiktíðar þrátt fyrir stóryrta yfirlýsingar leikmanna liðsins.

Hrafn er ánægður með liðið og segist hafa einstaklega gaman af því sem hann er að gera í Vesturbænum.

„Það eru einstök forréttindi að fá að þjálfra svona hóp og þeir hafa sýnt það líka að þeir koma alltaf sterkir til baka ef þeir lenda í einhverju áföllum. Þetta er búíð að vera erfiður dagur en alveg yndislegur líka svo ég fer sáttur heim,“ sagði Hrafn í leikslok.



**ILLVIÐRÁÐANLEGUR** Fjölnismenn voru í vandræðum með Pavel Ermolinskij rétt eins og flest lið deildarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



# KRÓNAN



fyrir fjölskylduna



**1198** kr. kg

Ísl. matvæli, ýsubitar, froshir



**989** kr. kg

Bautabúrs ungnautahakk



## ÓDÝRT FYRIR HEIMILIÐ ALLA DAGA



**499** kr. kg

Goða kjötbúðingar, 3 teg.



**598** kr. pk.

First Price lasagne, 1 kg



**656** kr. pk.

Daloon kírarúllur, vorrúllur og Shoo Van



**196** kr. stk.

Heimilis grjónagrautur, 500 g



**158** kr. stk.

Hleðsla íþróttadrykkur, jarðarberja og vanillu, 250 ml



**179** kr. pk.

Krónu samlokubrauð, gróft



**499** kr. pk.

Cavendish franskar, 3 tegundir, 1 kg

Öll vörð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/öðr myndbreytingu  
EXPO - www.expo.is



## &gt; Pierce Brosnan,

„Móðir mín var fallegasta konan í þorpinu. Faðir minn var aðeins eldri en hún. Þau bjuggu mig til. Hann lét sig hverfa.“

*Pierce Brosnan, fer með hlutverk í kvikmyndinni The Thomas Crown Affair sem sýnd er á Stöð 2 Bíó.*



# dagskrá



## VIÐ TÆKIÐ SUNNA VALGERÐARDÓTTIR OG PODDKÖSTIN

# Óli lokbrá kemur í hinum ýmsu myndum

Svefnrúfina fólks er misjöfn. Sumir velja að láta skáld- eða ævisögur eftir misgáfulega einstaklinga syngja sig til svefnis. Stórt hlutfall virðist ekki vita neina betri vögguvísu en glampann frá sjónvarpinu. Aðrir smella spilara í eyrun, það er að segja. Reyndar kann tónlistarval mitt á hverju kvöldi að vera örliðið frábrugðið því sem gengur og gerist, því það er stef í spjallþætti. Eitt stef. Svo er spjallað á milli.

Það eru þrjú menn í mínu lífi sem eru í hlutverki Óla lokbrár og hafa þeir afrekað magt í gegn um tíðina. Þeir eru Bretar, grínistar, heimspækingar, rithöfundar, leikarar, leikstjórar og svo mætti lengi telja. Reyndar á þessi upptalning einungis við um tvo þeirra, sá þriðji fékk þátttökusæti í umræðunum einfaldlega vegna þess að hann liggur á milli þess

að vera fæðingarhálfviti og snillingur. Það er eitthvað við rödd og viðhorf Karls Pilkington sem hefur róandi áhrif. Aftur á móti er hlátur Ricky Gervais allt annað en róandi en Steven Merchant brúar bilið á milli þeirra.

The Ricky Gervais Show er eins og Simpsons. Eftir því sem maður hlustar meira á þá þremmenninga, áttar maður sig betur og betur á því hversu mikil endemis snilld þeir eru. Lítil atriði sem maður tæki ekki eftir með því að hlusta á þá einu sinni, koma í ljós í þriðja eða fjórða skiptið. Fyrir þá sem þekkja Office og Extras, ætti ekki að vera erfitt að ímynda sér um hvað málið snýst. Fyrir utan það að vera hrikalega fyndnir, þá eru þessir menn skemmtilega snjallir og sýn þeirra á lífið er hressandi tilbreying frá hinum íslenska nútímaveruleika. Ég mæli eindregið með þeim fyrir svefninn ef lítil svefntími hindrar ekki afköst á daginn.



### SJÓNVARPIÐ

- 16.20 Fólk og firnindi - Leitinn að Jóga birni
- 17.20 Táknáfréttir
- 17.30 Landinn (e)
- 18.00 Sammi (29:52)
- 18.07 Franklín (10:13)
- 18.30 Skúli skelfir (16:52)
- 18.40 Hljóð á flótta
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veðurfréttir
- 19.35 Kastljós
- 20.05 Saga vísindanna – Úr hverju er heimurinn gerður? (2:6) (The History of Science) Heimildamyndaflokkur frá BBC. Hvað er þarna úti? Hvaðan komum við? Úr hverju erum við gerð? Hvert er leyndarmál lífsins?
- 20.55 Á meðan ég man (1:9) Í hverjum þætti er farið yfir fimm ára tímabil í sögu Sjónvarpsins. Fyrsti þátturinn nær yfir árin 1966-1970.
- 21.25 Önnumat (5:9) (AnneMad)
- 22.00 Tíufréttir
- 22.10 Veðurfréttir
- 22.20 Handboltinn Fjallað verður um leiki í N1-deildinni í handbolta.
- 22.40 Leitandinn (16:22)
- 23.25 Kastljós (e)
- 23.50 Fréttir (e)
- 00.00 Dagskrárlok

### BÍÓ

- 06.15 The Things About My Folks
- 08.00 Bee Movie
- 10.00 Journey to the Center of the Earth
- 12.00 How to Eat Fried Worms
- 14.00 Bee Movie
- 16.00 Journey to the Center of the Earth
- 18.00 How to Eat Fried Worms
- 20.00 The Things About My Folks
- 22.00 The Thomas Crown Affair
- 00.00 Half Nelson
- 02.00 Ask the Dust
- 04.00 The Thomas Crown Affair

### STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2 Áfram Diego, áfram!, Apaskólínn, Krakarnir í næsta húsi.
- 08.15 Oprah
- 08.55 Í finu formi
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.30 The Doctors
- 10.15 Eldsnöggt með Jóa Fel (8:10)
- 10.50 Cold Case (22:22)
- 11.45 Falcon Crest (20:22)
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 Frasier (22:24)
- 13.25 The Witches
- 15.10 ET Weekend
- 15.55 Barnatími Stöðvar 2 Krakarnir í næsta húsi, Apaskólínn, Áfram Diego, áfram!
- 17.05 Bold and the Beautiful
- 17.30 Nágrannar
- 17.58 The Simpsons (15:25)
- 18.23 Veður Markaðurinn
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.11 Veður
- 19.20 Two and a Half Men (1:19)
- 19.45 How I Met Your Mother (1:20)
- 20.10 Extreme Makeover. Home Edition (7:25) Þúsundþjalasmiðurinn Ty Pennington heimsækir fjölskyldur sem eiga við erfiðleika að stríða og endurnýjar heimili þeirra.
- 20.55 V (7:12) Vandaðir spennuþættir sem segja á afar raunverulegan hátt frá því þegar nokkur risavaxin geimskip taka sér stöðu yfir stærstu borgum heims.
- 21.40 The Event (5:13) Hörkuspennandi þættir um ungan mann sem lendir í þeirri skelfilegu lífsreynslu að kærastunni hans er rænt og hann grunaður um að hafa komið henni fyrir kattarnef.
- 22.25 Dollhouse (4:13)
- 23.15 That Mitchell and Webb Look (6:6)
- 23.45 Cougar Town (19:24)
- 00.55 The Shield (7:13)
- 01.40 Saving Sarah Cain
- 03.20 Tekkon kinkurito
- 05.10 The Simpsons (15:25)
- 05.35 Fréttir og Ísland í dag

### SPORT

- 07.00 Fuchse Berlin - RN Löwen Útsending frá Fuchse Berlin og RN Löwen í þýska handboltaum.
- 16.15 Celtic - Rangers Útsending frá leik Celtic og Rangers í skosku úrvalsdeildinni.
- 18.00 Justin Timberlake Childrens Open Útsending frá Justin Timberlake Childrens Open móttínu í golfi.
- 21.00 Spænsku mörkin 2010-2011 Sýnt frá öllum leikjunum, öllum mörkunum og öllum helstu tilþrifunum úr leikjum helgarinnar í spænska boltanum.
- 21.45 Kings Ransom
- 22.45 Main Event Sýnt frá World Series of Poker Main Event þar sem samankomnir eru allir bestu spilarar heims.
- 23.35 Fréttabáttur Skyggnst á bak við tjöldin hjá liðunum sem leika í Meistaradeild Evrópu.

### SPORT 2

- 07.00 Man. City - Arsenal
- 16.50 Sunnudagsmessen Sunnudagsmessen með þeim Guðmundi Benediktssyni og Hjörvari Hafliðasyni er þáttur sem enginn má láta fram hjá sér fara.
- 17.50 Premier League Review 2010:11 Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
- 18.45 PL Classic Matches. Southampton - Middlesbrough, 1998
- 19.15 Liverpool - Blackburn Útsending frá leik Liverpool og Blackburn í ensku úrvalsdeildinni.
- 21.00 Premier League Review 2010:11
- 22.00 Ensku mörkin 2010:11 Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
- 22.30 Maradona Að þessu sinni verður fjallað um Diego Maradona sem er talinn besti knattspyrnumaður allra tíma að margra mati.
- 23.00 West Ham - Newcastle

### SKJÁR EINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Dr. Phil (e)
- 08.40 Rachael Ray (e)
- 09.25 Pepsi MAX tónlist
- 16.55 Rachael Ray
- 17.40 Dr. Phil
- 18.25 Spjallið með Sólva (4:13) (e)
- 19.00 Real Housewives of Orange County (15:15) Raunveruleikasæra þar sem fylgst er með lífi fimm húsmæðra í einu ríkasta bæjarfélagi Bandaríkjanna.
- 19.45 Accidentally on Purpose (9:18) (e)
- 20.10 Kitchen Nightmares (12:13) Kjaftfori kokkurinn Gordon Ramsey heimsækir veitingastaði sem enginn vill borða á og hefur eina viku til að snúa við blaðinu. Núna heimsækir hann danskan veitingastað í Miami sem má muna sinn fifil fegur.
- 21.00 Friday Night Lights (7:13) Dramatísk þáttaröð um ungmanni í smábæ í Texas þar sem lífið snýst um fótboltið skólans.
- 21.50 CSI: New York (12:23) Bandarísk sakamálasæra um Mac Taylor og félagi hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York.
- 22.40 Jay Leno Spjallþáttur á léttrum nútímum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á léttu strengi.
- 23.25 Leverage (5:15) (e)
- 00.10 United States of Tara (2:12) (e)
- 00.40 CSI: New York (22:25) (e)
- 01.25 Pepsi MAX tónlist

### SKJÁRGOLF

- 06.00 ESPN America
- 17.10 Golfing World (e)
- 18.00 Golfing World Daglegur fréttabáttur þar sem fjallað er um allt það nýjasta í golfheiminum.
- 18.50 Castello Masters (2:2) (e)
- 22.00 Golfing World (e)
- 22.50 The Open Championship Official Film 2010 (e)
- 23.45 Golfing World (e)
- 00.35 ESPN America

### EXTRA

- 18.55 The Doctors
- 19.40 E.R. (21:22)
- 20.25 Little Britain (4:6)
- 21.00 Fréttir Stöðvar 2
- 21.25 Ísland í dag
- 21.50 Mér er gamanmál Frímenn getur ekki beðið eftir því að komast til Englands og tala loksins við alvöru grínara. Hann er búinn að skipuleggja viðtöl við marga af bestu og virtustu grínurum Bretlandseyja, John Cleese og Stephen Fry svo einhverjir séu nefndir.
- 22.20 Hlemmavídeó (1:12) Frábærir gamanþættir með Þetri Jóhanni Sigfússyni sem leikur Sígga sem er fráséð og býr einn rétt hjá Hlemmi og rekur gamla vídeóleigu sem hann erfði eftir föður sinn.
- 22.55 The Mentalist (3:22) Patrick Jane, sjálfstætt starfandi ráðgjafi rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu, á að baki glæsilegan feril við að leysa flókin glæpamál.
- 23.40 Numbers (1:16)
- 00.30 The Pacific (6:10)
- 01.20 Spaugstofan
- 01.45 E.R. (21:22)
- 02.30 The Doctors
- 03.10 Sjáðu
- 03.40 Little Britain (4:6)
- 04.10 Fréttir Stöðvar 2
- 05.00 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

### N4

18.15 Að norðan með Hildu Jönu Gisladóttur Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.

### INN

20.00 Heilsuþáttur Jóhönnu Kolla grasalækni er meðal gesta.  
20.30 Golf fyrir alla Það kemur alltaf eitthvað nýtt hjá Brynjari og Óla.  
21.00 Frumkvöðlar Frumkvöðlar Íslands í fararbroddi hjá Elinóru.  
21.30 Eldhús meistaranna Magnús í keppni sjónvarpskokka í Smáralind.

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### ÚTVARP FM

FM 88,5 XA-Radíó  
FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan  
FM 91,9 Kaninn

FM 93,5 Rás 1  
FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland  
FM 96,7 Létt Bylgjan

FM 97,7 X-ið  
FM 98,9 Bylgjan

FM 99,4 Útvarp Saga  
FM 102,2 Útvarp Latibær

FM 102,9 Lindin  
FM 105,5 Útvarp Boðun



# Við leitum að góðu fólki

**visir.is** og Fréttablaðið kynna nýjan og öflugan atvinnu- og raðauglýsingavef

Á vefnum getur þú með einföldum hætti flett í gegnum og skoðað atvinnuauklýsingar Fréttablaðsins. Þú kaupir atvinnuauklýsingu í **Fréttablaðinu** - öflugasta auglýsingamiðli landsins og hún birtist frítt í heila viku á einum stærsta vefmiðli landsins – **visir.is**

**ALLT ATVINNA** fylgir helgarblaði Fréttablaðsins... og birtist á **visir.is** í viku





**FRÉTTABLAÐIÐ**

**visir.is**  
...ég sá það á visir.is



Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.55

Vandaðir spennuþættir sem segja á afar raunverulegan hátt frá því þegar nokkur risavaxin geimskip taka sér stöðu yfir stærstu borgum heims. Með undraskjótum hætti grípur um sig mikið geimveruæði þar sem áhugi fyrir þessum nýju gestum jaðrar við dýrkun. Einhverjir eru þó ekki eins sannfærðir og grunar að gestirnir séu í raun úlfar í sauðargæru. Þættirnir koma úr smíðju höfunda Lost.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútvarp hefst 06.40 Veðurfregni 06.50 Bæn 07.03 Vít og breitt 07.30 Fréttayfirlit 08.00 Morgunfréttir 08.05 Morgunstund með KK 08.30 Fréttayfirlit 09.05 Okkar á milli 09.45 Morgunleikfimi 10.03 Veðurfregni 10.13 Stefnumót 11.03 Samfélagið í nærmynd 12.00 Hádegisútvarpið 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Veðurfregni 12.50 Dánarfregni og auglýsingar 13.00 Hríngsól 14.03 Bak við stjörnumar 15.03 Útvarpssagan: Stormur 15.25 Fólki og fræði 16.00 Síðdegisfréttir 16.05 Viðsjá 18.00 Kvöldfréttir 18.21 Spegillinn 18.50 Veðurfregni 18.53 Dánarfregni 19.00 Endurómur úr Evrópu 20.00 Leynifélagið 20.30 Kvika 21.10 Ópus 22.05 Veðurfregni 22.10 Orð kvöldsins 22.15 Gími, grúsk og glóriur 23.05 Lostafulli list-ræninginn 23.45 Heimsókn til listamanna 00.05 Næturetónar

BBC entertainment

12.30 Deal or No Deal 13.05 Monarch of the Glen 13.55 Absolutely Fabulous 14.25 Absolutely Fabulous 14.55 My Family 15.25 Waterloo Road 16.10 The Weakest Link 16.55 Deal or No Deal 17.30 My Hero 18.00 Wrong Door 18.30 Whose Line Is It Anyway? 19.00 Two Pints of Lager (and a Packet of Crisps) 19.30 Waking the Dead 20.20 Come Dine With Me 20.45 Come Dine With Me 21.10 Wrong Door 21.40 Whose Line Is It Anyway? 22.05 EastEnders 22.35 Monarch of the Glen 23.25 Waking the Dead

DR 1


12.30 Hægt hænger de, bange er de 13.00 DR Update - nyheder og vejr 13.10 Boogie Mix 14.00 Hjerteflimmer Classic 14.30 Svampebob Firkant 14.50 Nik & Jan 15.00 Karlsson på taget 15.30 Stor & Lille 15.40 Peddersen og Findus 16.00 Aftenshowet 16.30 TV Avisen med Sport og Vejret 17.00 Aftenshowet 2. del 17.30 Jamie Oliver's eget køkken 18.01 Lulu og Leon 18.45 Det søde liv 19.00 TV Avisen 19.25 Horisont 19.50 SportNyt 20.00 Miss Marple 21.35 OBS 21.40 Nabokrig 22.10 Naruto Uncut 22.35 Boogie Mix 23.25 Godnat

NRK 1

12.30 Tinas mat 13.00 NRK nyheter 13.10 Sjúkhuset í Aidenfield 14.00 Derrick 15.00 NRK nyheter 15.10 Si ja, bil min 15.40 Oddasat - nyheter på samisk 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Færkveid 16.40 Distriktssnyheter 17.45 Puls 18.25 Matlyst 18.55 Distriktssnyheter 19.30 Borgen 20.30 Galtungs løsnung 21.00 Kveldsnytt 21.15 Dalziel og Pascoe 22.55 Nytt på nytt 23.25 Sport Jukeboks

SVT 1

12.15 S.O.S. - En segelsällskapsresa 14.00 Rapport 14.05 Gomorron Sverige 14.55 Livet på landet 15.25 Robins 15.55 Sportnytt 16.00 Rapport med A-ekonomi 16.10 Regionala nyheter 16.15 Fråga doktorn 17.00 Kulturmysterierna 17.15 Regionala nyheter 17.30 Rapport med A-ekonomi 18.00 Sommarpratarna 19.00 Våra vänner liv 20.00 I Anneli 20.30 Keillers park 22.00 The Event 22.45 Dansbandskampen



Fimm rétta  
DIWALI  
hátíðarmatseðill  
4.990 kr.

FORRÉTTUR

Malabari Machli  
Pönnusteiktur lax í kókos með karrylaufum og garam masala

ADALRÉTTIR

Peshwari Gosht  
Grillað lambafillet marinerað í kasjúhnetum, engiferi, chillí og hvítlauk

og

Murgh Korma  
Kjúklingalundur á hægum eldi í blöndu af kókosmjólk, birkifræjum, kanil og kardemommm

og

Channa Masala  
Kjúklingabaunir eldaðar með tómötum, kúmeni, chili og kóríander

MEDLÆTI

Raitha  
Heimalöguð jógúrtsósa með gúrkum og kryddblöndu

og

Basmati hrísgrjón

og

Naan brauð  
Garlic Naan með hvítlauk  
Masala Kulcha með kúmeni, lauk og kóríander

EFTIRRÉTTUR

Kahjoor Halwa  
Indverskur eftirréttur með döðlum, súkkulaði, hesilhnetum og kókos

Hverfisgata 56, 101 Reykjavík  
Sími: 552 1630

Opið:  
sun.-fim. 18:00 - 22:00  
fös. og lau. 18:00 - 23:00

Hátíð ljóssins hjá Austur-Indíafjlaginu

Indverjum duga ekki færri en fimm dagar til að halda upp á hátíð ljóssins, Diwali, sem nú á hug þeirra og hjörtu.

Við hjá Austur-Indíafjlaginu viljum færa örlitla birtu inn í byrjun vetrar og bjóðum því upp á sérstakan fimm rétta Diwali-hátíðarmatseðil í október á afar góðu verði: 4.990 kr. alla daga.

Borðapantanir í síma 552 1630.

Chandrika Gunnarsson eigandi  
Austur-Indíafjlagsins býður gesti velkomna á Diwali, hátíð ljóssins.



AUSTUR-INDÍAFJELAGIÐ  
INDIAN RESTAURANT

www.austurindia.is



★★★★ - B.S., Fréttablaðið  
★★★★ - T.V., kvikmyndir.is  
★★★★ - P.P., Fréttatíminn  
★★★★ - Ó.H.T., Rás 2

MYND Í LEIKSTJÓRN BALTASARS KORMÁKS

INHALE

HVERSU LANGT MYNDIR ÞÚ GANGA?





„Ég horfi aðallega á America's Next Top Model, Project Runway og þessa típísku stelpuþætti eins og Gossip Girl, Desperate Housewives og Glee.“

Stella Björt Bergmann Gunnarsdóttir tiskubloggari.

# Fjölmennur Útidúr vekur athygli

„Við fórum í viðtöl hjá Frakka og einhverjum Ameríkana sem eru blogggar,“ segir Kristinn Roach Gunnarsson, píanóleikari Útidúrs. Þessi efnilega poppsveit spilaði í Tjarnarbíói á Airwaves-hátíðinni fyrir skömmu og vakti þar athygli erlendra blaðamanna. „Þetta var mjög gaman. Þetta er mjög flottur staður og við fengum fín viðbrögð.“

Meðlimir Útidúrs eru tólf og eru á aldrinum 16 til 24 ára, allir af höfuðborgarsvæðinu. Sveitin hefur verið starfandi í eitt ár og var að gefa út sína fyrstu plötu, sem nefnist The Mess We've Made. „Ég og Gunnar [Örn Egilsson] söngvari vorum í Kvennó saman og vorum í mörgum hljómsveitum þar. Þar kynntumst við Rakel [Mjöll Leifs-

dóttur] og svo bættist smám saman í hópinn,“ segir Kristinn. Hljómsveitin gefur plötuna út sjálf en Record Records sér um dreifingu. Mikil vinna var lögð í plötuna og ber fagmannlega unnið umslagið vott um það. „Við þurfum að selja ansi mikið til að komast upp í núllið en vonandi gengur það vel.“ Hönnuður umslagsins var söngvarinn Gunnar Örn, sem stundar nám í arkitektúr í Listaháskóla Íslands. „Þetta er eitt af áhugamálum hans,“ segir Kristinn.

Útidúr ætlar að fylgja plötunni eftir með útgáfutónleikum í Lónó 17. nóvember. Sveitin stefnir á að fara til útlanda næsta sumar en ekkert er öruggt í þeim efnum. „Það er dýrt vesen að flytja svona stóra hljómsveit út.“



ÚTIDÚR Hljómsveitin Útidúr spilaði í Tjarnarbíói á Airwaves-tónlistarhátíðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNPÓR

## Matreiðsluþættir Völla að slá í gegn

„Það er búið að forselja þættina til Nýja-Sjálands, Spánar, Ungverjaland og Póllands, bara út á stikluna sem við gerðum. Nú bíða aðilar í Bandaríkjunum, Frakklandi og Bretlandi eftir að sjá alla þáttaröðina en draumurinn er auðvitað að koma þessu yfir á BBC Lifestyle. Það er hins vegar ekki í mínum höndum,“ segir Völundur Snær Völundarson matreiðslumeistari. Dreifingarfyrirtækið TVF vinnur nú að því að dreifa þáttaröð hans um íslenskt hráefni út um allan heim.

Þættirnir eru unnir upp úr bókinni Delicious Iceland sem Völli gerði fyrir nokkru ásamt þeim Hreini Hreinssyni ljósmyndara og Hauki Ágústssyni. Sú bók varð feykilega athygli og fékk meðal annars virt verðlaun á matreiðslubókahátíð í Kína. Eins og Frétta-

blaðið greindi frá í fyrra fékk Völli til liðs við sig leikstjórnann Dominic Cyriax, sem hefur leikstýrt matarþáttum Nigellu, til að gera með sér prufuþátt. „En svo höfum við Gunnar Konráðsson leikstjóri verið í þessu tveir í heilt ár.“

Tíminn hefur ekki alveg verið á bandi Völla því hann eignaðist sitt annað barn með eiginkonu sinni, Þóru Sigurðardóttur, á þessu ári. Og hún gaf líka út Foreldrahandbókina fyrir skemmstu. „Þetta hefur verið ansi brjáláð en nú er ég á leið til Bahamaeyja yfir vetrartímann að sinna veitingastaðnum.“ Ekki er hægt að sleppa Völla án þess að spyrja hvort hann syngi ekki reglulega Bahamalag Ingós og Veðurguðanna. „Nei, en fólk hefur alveg ótrúlega mikla þörf fyrir að syngja þetta lag fyrir mig.“ - fgg



KEYPTU ÞÆTTINA Í FORSÖLU Matreiðsluþættir Völla Snæs um íslenskt hráefni á ensku hafa verið seldir til Ungverjaland, Póllands og Nýja-Sjálands. Aðilar frá Bandaríkjunum, Frakklandi og Bretlandi bíða í startholunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**HARMAGEDDON**  
ALLA VIRKA DAGA  
KL. 15 - 17:30



TEKUR Á ÞVI Friðrik Dór tekur vel á því í róðrartækinu. Hann hefur verið í stífri einkaþjálfun undanfarninn mánuð og misst heil sex kíló. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

FRÍÐRIK DÓR: Í STÍFRI EINKAÞJÁLFUN FYRIR ÚTGÁFU FYRSTU PLÖTUNNAR

## Sex kíló fokin á mánuði

„Fólk var farið að tala um að ég væri orðinn svo bangsalegur. Ég er að reyna að eyðileggja þessa bangsaímynd,“ segir popparinn Friðrik Dór, sem er í stífri einkaþjálfun um þessar mundir.

Fyrsta sólóplatan hans, Allt sem þú átt, kemur út á fimmtudaginn og Friðrik Dór vill líta sem allra best út þegar hann kynnir hana. Einkaþjálfunin hófst fyrir um mánuði hjá frjálsþróttakonunni fyrrverandi, Silju Úlfarsdóttur, og á þeim tíma hefur Friðrik misst heil sex kíló. „Ég þekki hana frá fornu fari þegar ég var í fótboltanum,“ segir hann um Silju. „Þetta hefur



Nú er það ekkert nema hrökkkex og prótínhristingur.

FRÍÐRIK DÓR  
POPPARI

gengið bara mjög vel. Það hafa verið nokkrir erfiðir hjallar að klífa en ég hef komist yfir þetta að lokum. Þegar maður ætlar að fara sem víðast með sjálfan sig verður maður að líta vel út.“

Leiðir Friðriks og Silju lágu saman á skemmtistaðnum Vegamótum: „Þá sagði Silja við mig að enginn vildi hlusta á feita poppstjörnu. Þar með hófst þetta,“ segir hann og hlær. Æfingarnar snúast mikið um ólympískar lyftingar og aðaláherslan er að ná upp góðri brennslu. Róðrartæki, hefðbundnar lyftingar og hlaup einu sinni í viku eru einnig hluti af þróuninni.

Að sjálfsögðu þarf mataræðið

líka að vera í lagi og Friðrik passar vel upp á það sem hann lætur ofan í sig. „Nú er það ekkert nema hrökkkex og prótínhristingur. Helgarnar geta verið erfiðar. Ef maður hefur farið villt í laugar dagskvöldin geta sunnudagarnir orðið erfiðir. En maður reynir að standa sig og fara eftir þeim reglum sem hún setur. Maður má ekki falla í sömu gryfjuna aftur því bangsaímyndin er ekki það sem maður vill.“

Popparinn efnilegi er að vonum spenntur fyrir nýju plötunni, sem hann vann með upptökuteyminu Redd Lights. „Ég er mjög ánægður með útkomuna. Hún tók miklum framförum á síðustu metrnum þessi plata og varð betri en ég átti von á. Ég er virkilega ánægður með hana.“ freyr@frettabladid.is

## Menn orðsins saman á svið

„Ég er mikill aðdáandi Bjartmars og tel okkur eiga meira sameiginlegt en marga grunar,“ segir Erpur Eyvindarson rappari en hann og tónlistarmaðurinn Bjartmar Guðlaugsson ætla að leiða saman hesta sína næstkomandi þriðjudag og halda tónleika á Café Rosenberg.

„Ég tel okkur Bjartmar báða vera menn orðsins, þó að við séum með mismunandi undirspil. Ekki hræddir við að segja okkar skoðanir, sem eru kannski sterkari en hjá fólki flestu,“ segir Erpur en hann hefur löngum verið í svokölluðum Bjartmarsklúbbi með ekki minni mönnum en Helga Seljan, Andra Frey Viðarssyni og flestum meðlimum Mínussveitarinnar.

„Við erum miklir aðdáendur Bjartmars og teljum hann vera mann fólksins á tímum þegar allt er til sölu. Hann tók ekki þátt í þessu góðærishjóli og beið þangað til öllu því linnu fyrir austan,“ segir Erpur og fer ekki leynit með aðdáun sína á tónlistarmanninum góðkunnna. Sú aðdáun er gagnkvæm ef marka má Bjartmar, sem segir Erpa vera greindan dreng og góðan vin. „Við erum mjög líkir og okkur finnst báðum gaman að glíma við orð. Svo skiljum við hvor annan vel,“ segir Bjartmar en hann lofar góðu kvöldi á þriðjudaginn vegna þess að þeir eigi eftir að skemmta sér svo vel saman á sviðinu.



GAGNKVÆM VIRÐING Erpur Eyvindarson og Bjartmar Guðlaugsson eru góðir vinir en koma í fyrsta skipti saman fram á tónleikum næstkomandi þriðjudag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Erpur segir þá félagana vera að æfa saman atriði en vill ekki gefa upp nánari upplýsingar um það. „Það kemur í ljós, ég hvet bara alla til að mæta. Bjartmar ætlar að mæta með kertaljós og reykelis og ég kem með derhúfuna. Þetta verður notaleg stund.“



# „Það verður að vera hamingjusáldur“

Hádegi í íslenskum litum á  
dánardægri Birgis Andréssonar.

Í tilefni af útkomu bókarinnar  
*Birgir Andrésson. Í íslenskum litum*  
eftir Prösti Helgason er gestum og  
gangandi boðið til hádegisverðar  
í íslenskum litum í bókaverslun  
Eymundssonar við Skólavörðustíg  
í Reykjavík í dag, mánudaginn  
25. október.

Á þessum degi árið 2007 lést  
Birgir fyrir aldur fram. Um leið og  
við minnumst hans fögnum við  
útkomu bókar um líf hans og list.

„Bókin er að öllu leyti kórrétt,  
skrárnar nákvæmar, kímnisögur  
af Birgi skemmtilegar og rétt í  
þeim stíl sem hann talaði við  
mann á göngu okkar kynslóðar  
gegnum bæinn...Falleg bók um  
vænan dreng.“

☆☆☆☆

PBB–Fréttatíminn





## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Tveir heitir

Kvikmyndin Okkar eigin Osló eftir Reyni Lyngdal verður frumsýnd á næsta ári. Þorsteinn Guðmundsson leikur aðalhlutverkið í myndinni ásamt því að skrifa handritið og eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu leikur grínistinn **Steindi Jr.** lítið hlutverk í myndinni. Steindi er einn af allra heitustu grínistum þjóðarinnar af nýrri kynslóð, rétt eins og Ari Eldjárn, sem hefur slegið rækilega í gegn að undanfögnu. Ari er einmitt líka í litlu hlutverki í myndinni og því má segja að Reynir hafi slegið tvær flugur í einu höggi. Tvær mjög myndar flugur.



### Teitur hættur

Bloggarinn skeleggi, **Teitur Atlason**, hefur lagt lykklaborðið á hilluna, en hann hefur verið með vinsælli bloggnum landsins síðustu misseri. Teiti hefur fátta verið óviðkomandi en með síðustu bloggnum sínum í bili gerði hann athugasemd við hve kuldalega Kolbrún Halldórsdóttir hljómar í hlutverki sínu sem rödd „Petta númer er ótengt“-þjónustunnar. Velti hann upp þeim möguleika að fara út í samkeppni við Kolbrúna, með persónulegra viðmót í símsvör- un.



- afb -pj

### Mest lesið **VÍSIR.IS**

- 1 Mannslát Íslendinga í Lettlandi rannsakað
- 2 Daníel Ernir kominn heim til Íslands
- 3 Vilja endurskoða notkun kódeins
- 4 Sóley dælir upp úr Landeyjahöfn
- 5 Eru Bandaríkin reiðubúin fyrir samkynhneigðan forseta?

**Office1**  
Fyrirtækjapjónusta  
**ÓDÝR**  
REKSTRARVARA  
Hringdu í fyrirtækjapjónustu Office1 og lækkaðu rekstrarkostnað fyrirtækisins.  
**PÖNTUNARSÍMI 550 4111**  
Fyrirtækjapjónustan er opin 8 - 17  
pöntun@office1.is  
www.office1.is

# SAENGURFATA

Sængurfatnaður  
**VERÐ FRÁ 3.540 kr.**

# ÚTSALA!

**40-50% AFSLÁTTUR**

AF ÖLLUM SÆNGURFATNAÐI.  
ATH! AÐEINS Í NOKKRA DAGA.

Úrval af hágæða sængurfatnaði á ótrúlegu verði.



LÖK  
FRÁ 1.000 Kr.

ÖLL RÚMTEPPI  
**50%**  
AFSLÁTTUR!

PÍFULÖK  
FRÁ 1.500 Kr.

**AÐEINS 10 RÚM!**



**CORSICA PLUS**  
Queen Size (153x203cm)

- 7 sveðaskipt svefsvæði
- 5 sveðaskipt gormakerfi
- 10 ára ábyrgð
- Lagar sig að líkamnum
- Veitir góða slökun
- Stuðningur við bak og önnur viðkæm sveda líkamans
- Tíhert sérvald stál í gormakerfi
- Hreyfing milli svefsvæða aldrei minni
- Steytir kantar
- 20% stærri svefnflötur
- Þarf ekki að snúa

Fullt verð 249.636 kr.

**VERÐ NÚ 139.900 kr.**

**rekkjan**